# ÁRSSKÝRSLA 2010

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Frá stjórnarformanni og forstjóra | 1 |
| Kerfisþróun | 5 |
| Kerfisstjórn og markaður | 8 |
| Raforkuflutningskerfi Landsnets í árslolk 2010 | 14 |
| Rekstur flutningskerfisins | 15 |
| Tengivirki Landsnets í árslok 2010 | 18 |
| Háspennulínur í árslok 2010 | 20 |
| Nýframkvæmdir | 24 |
| Stoðþjónusta | 27 |
| Fjármál | 32 |
| Ársreikningur | 39 |

# SKIPURIT LANDSNETS




### Framkvæmdarstjórn Landsnets árið 2010

- Þórður Guðmundsson, forstjóri
- Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála
- Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarstjóri

### Stjórn Landsnets árið 2010

- Friðrik Már Baldursson, formaður
- Katrín Helga Hallgrímsdóttir
- Svana Helen Björnsdóttir
- Guðrún Ragnarsdóttir, varamaður

## EIGENDUR LANDSNETS

Eigendur Landsnets eru Landsvirkjun, RARIK, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða og eru eignahlutföll þeirra:

| | |
|---|---|
| Landsvirkjun | 64,73% |
| RARIK | 22,51% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 6,78% |
| Orkubú Vestfjarða | 5,98% |

## HLUTVERK LANDSNETS

Hlutverk Landsnets er skilgreint í raforkulögum nr. 65/2003 en það er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun með því að:

- Tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma
- Tryggja rekstraröryggi raforkukerfisins
- Viðhalda jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar rafmagns
- Annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu
- Efla virkni raforkumarkaðar

## FRAMTÍÐARSÝN LANDSNETS

Framtíðarsýn Landsnets er að vera ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

## GILDI LANDSNETS

Gildi Landsnets eru lögð til grundvallar í öllum störfum og athöfnum starfsmanna. Þau tengjast hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og leggja grunninn að þeim fyrirtækjabrag sem sóst er eftir.

### ÁREIÐANLEIKI

- Við sýnum sjálfstæði um leið og við gætum trúnaðar og jafnræðis gagnvart viðskiptavinum
- Við sýnum heilindi og samviskusemi í hegðun okkar og vinnubrögðum

### FRAMSÆKNI

- Við tökum frumkvæði, leitum að tækifærum og vinnum að stöðugum umbótum
- Við erum skapandi í þróun aðferða og lausna sem örva samkeppni
- Við leggjum metnað okkar í skjóta og markvissa úrlausn verkefna

### HAGSÝNI

- Við sýnum ráðdeild og förum vel með aðföng og fjármuni
- Við höfum arðsemimarkmið að leiðarljósi

### VIRÐING

- Við setjum viðskiptavininn í öndvegi
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu og drögum úr óæskilegum áhrifum starfseminnar
- Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og skoðunum þeirra

# Frá stjórnarformanni og forstjóra

Uppbygging flutningskerfis félagsins hefur verið mikil undanfarin ár. Stafar þetta fyrst og fremst af miklum vexti í áliðnaðinum bæði hjá Norðuráli á Grundartanga og Fjarðaáli í Reyðarfirði. Þá voru áætlanir um umtalsverða uppbyggingu í Helguvík, Straumsvík, Þorlákshöfn, á Akureyri og Bakka við Húsavík sem kölluðu á mikla vinnu við kerfishönnun, umhverfismat og samninga við sveitarfélög og aðra rétthafa. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 var flestum áformum um raforkuflutning til nýrra stórnotenda slegið á frest.

Landsnet hefur nýtt það svigrúm sem varð vegna frestunar framkvæmda til að endurskoða uppbyggingu flutningskerfisins til lengri tíma litið. Þannig hefur sú stefna verið mörkuð að hefja samráðsferli við hagsmunaaðila mun fyrr en áður með það að markmiði að finna flutningsmannvirkjum framtíðarinnar stað í skipulagi sveitarfélaga og leita lausna sem draga úr umhverfisáhrifum þeirra eins og kostur er. Jafnframt hefur sú stefna verið mörkuð að hefja frumundirbúning flutningsmannvirkja þótt ekki liggi fyrir tímasetning um byggingu þeirra. Þannig getur Landsnet betur en áður mætt kröfum um tengingu nýrra virkjana og iðnaðarsvæða við meginflutningskerfið. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að sá tími sem Landsnet þarf til að undirbúa framkvæmdir í flutningskerfinu er nokkru lengri en annarra aðila þar sem mun fleiri hagsmunaaðilar koma við sögu. Aukin áhersla á stefnumörkun til lengri tíma og skýr framtíðarsýn er afar mikilvæg fyrir starfsemi félagsins.

Flutningsmannvirki hafa töluverð áhrif á umhverfið og því hefur Landsnet ákveðið að leggja ríka áherslu á að lágmarka sýnileika flutningsmannvirkja sem byggð verða í framtíðinni. Landsnet hóf því nýlega samstarf við norska flutningsfyrirtækið Satnett um að skoða og þróa nýjar tegundir mastra sem uppfylla betur þær umhverfiskröfur sem kallað er eftir. Er þar unnið út frá verðlaunatillögum sem bárust í alþjóðlegum samkeppnum sem bæði fyrirtækin hafa staðið fyrir á undanförnum árum. Jafnframt mun Landsnet leitast við að hanna tengivirki sem falla sem best  að umhverfinu á hverjum stað og hefur verið leitað til arkitekta um tillögur þar að lútandi.

Á undanförnum árum hefur Landsnet náð miklum árangri í að nýta betur flutningsgetu meginkerfisins með skapandi lausnum sem hafa frestað dýrum fjárfestingum, en það hefur haft jákvæð áhrif á fjárhagslega stöðu Landsnets eftir efnahagshrunið árið 2008 og auðveldað fyrirtækinu endurgreiðslu lána til skemmri tíma. Fyrirsjáanlegt er að ekki verður gengið lengra í nýtingu meginflutningskerfisins en gert hefur verið og þarf því að huga að styrkingu þess til

Stjórn Landsnets, frá vinstri:
Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Friðrik Már Baldursson og Svana Helen Björnsdóttir.

að losa um þær flutningstakmarkanir sem minnka svigrúm markaðsaðila til að reka virkjanir sínar á hagkvæmasta hátt. Flutningstakmarkanir eru einkum vaxandi milli Norður- og Suðurlands, en hagkvæmasta lausnin á þeim vanda er lína yfir hálendið. Aðrir kostir eins og tvöföldun Byggðalínunnar eru margfalt dýrari, en skoðað verður hvort unnt sé að spennuhækka hluta Byggðalínunnar.

Aukin orkuvinnsla á Reykjanesi gerir kröfu til nýrrar tengingar við meginflutningskerfið óháð nýrri orkunotkun á svæðinu og hefur Landsnet ákveðið að hefja undirbúning slíkrar línu. Komi til umfangsmikillar nýrrar notkunar á svæðinu eins og rætt hefur verið um þarf frekari styrkingar frá Hellisheiði út á Reykjanes, en það verkefni er þekkt sem Suðvesturlínur.

66 kV flutningskerfið sem tengir dreifbýlið og minni bæjarfélög í öllum landshlutum við meginflutningskerfið hefur verið til skoðunar undanfarin ár, einkum sá hluti sem ekki býr við hringtengingar. Til að auka rekstraröryggi þeirra notenda sem tengdir eru við slík kerfi hefur Landsnet skoðað þann möguleika að koma upp eigin varaaflsvélum sem fari sjálfkrafa í gang verði truflun á raforkuafhendingu. Ástæða þessa er að rekstraröryggi verður víða ekki aukið með hagkvæmari hætti þar sem kostnaður við nýjar línur yrði of mikill. Jafnframt gefst hér tækifæri til að endurnýja dísilvélar í eigu dreifiveitna sem víðast hvar eru komnar á aldur og þarfnast því endurbóta. Landsnet færi með þessu inn á nýjar brautir og Orkustofnun hefur verið beðin um afstöðu til málsins.

## Hagræðing í rekstri

Landsnet ber ábyrgð á öllum raforkuflutningi á heildsölumarkaði á Íslandi, eitt fyrirtækja. Krafa er um hagkvæma uppbyggingu kerfisins ásamt öryggi í afhendingu. Því er lögð áhersla á að auka þekkingu og samræmingu á arðsemismati verkefna. Flutningskerfið er umfangsmikið og mikilvægt að auka skilning á kostnaði við rekstur og viðhald þess. Sérstaklega er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir það hvernig viðhaldskostnaður og ending kerfisins breytist með aldri til að auðvelda ákvarðanir um tímasetningu og þörf endurnýjunar.
Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur á undanförnum árum verið lögð mikil áhersla á hagræðingu í rekstri og rekstrarkostnaður er því nánast sá sami á föstu verðlagi frá stofnun félagsins þrátt fyrir nánast tvöföldun í umsvifum á sama tímabili.

## Tekjumörk

Í því efnahagsumróti sem gengið hefur yfir komu fram annmarkar á því tekjumarkaumhverfi sem raforkulögin frá 2003 kváðu á um. Lögin mæltu fyrir um að tekjumörk skyldu sett í íslenskum krónum með ákveðnum vikmörkum. Þegar gjaldskrá fyrir flutning til stórnotenda var breytt yfir í USD árið 2007 var gert ráð fyrir að framangreind vikmörk dygðu til að jafna gengissveiflur. Nú liggur fyrir í ljósi gengishruns íslensku krónunnar að heppilegra hefði verið að þær eignir sem þjóna stórnotendum væru metnar í USD þannig að þróun tekna og eigna héldist í hendur við mat á arðsemi og heimiluð tekjumörk. Alþingi samþykkti breytingar á raforkulögum í byrjun mars 2011 þar sem tekið er á þessu máli. Frá og með 2011 er eignagrunnur stórnotenda, sem er grundvöllur stærsta hluta tekjumarka þeirra, settur í sömu mynt og gjaldskráin, þ.e. USD. Með þeirri breytingu hverfur að mestu leyti gengisáhætta í gjaldskrá til stórnotenda

Truflanaskráning ársins 2010 sýnir að reksturinn hefur gengið nokkuð vel samanborið við fyrri ár m.t.t. fjölda truflana og skerðingar en hún er lítil borið saman við skerðingu vegna truflana í flutningskerfinu síðustu tvo áratugina. Engu að síður sýna atburðir liðins árs ákveðna veikleika raforkukerfisins. Í nokkrum truflunum kom í ljós að takmarkanir Byggðalínunnar eru miklar og aflsveiflur í kjölfar truflana voru algengar. Þá skipti nýr varnarbúnaður kerfinu upp í þrjá sjálfstæða hluta til að koma í veg fyrir aflsveiflurnar og takmarka straumleysi vegna þeirra. Umtalsverð umræða varð um þessar truflanir, einkum þar sem truflun í einum landshluta hafði afleiðingar annars staðar í flutningskerfinu. Viðbrögð kerfisvarnanna eru flókin í eðli sínu og eru oftast tengd við sjálfa truflunina en ekki litið á þær sem skipulega aðgerð til að draga úr áhrifum. Ljóst er að Byggðalínan flytur ekki meira en nú er og nauðsynlegt að byggja nýjar flutningslínur ef auka þarf flutninginn á þessu víðfema svæði.

## Raforkuflutningur og gjaldskrá

Á árinu voru 16.496 GWh framleiddar beint inn á net Landsnets sem er 1,45% aukning frá fyrra ári. Raforkuflutningur til almennrar notkunar var 18% af heildarflutningnum og minnkaði um eitt prósent frá árinu áður. Raforkuflutningur til stórnotenda var 82% sem er aukning um rúm tvö prósent milli ára. Tap í flutningskerfinu nam 330 GWh árið 2010 og minnkaði frá fyrra ári um 7% þrátt fyrir aukinn flutning og stafar það fyrst og fremst af hagstæðara aflflæði í flutningskerfinu.

Gjaldskrá Landsnets fyrir flutning til almenna markaðarins var ekki breytt á árinu 2010 og hefur því verið óbreytt frá ágúst 2009. Hvað almenna notkun áhrærir kemur berlega í ljós að hækkanir á gjaldskrá hafa verið verulega undir verðlagsbreytingum. Samkvæmt þessu hefur raunlækkun gjaldskrár til almennings frá því að Landsnet var stofnað verið tæp 35% miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2011.

Flutningsgjaldskrá til stórnotenda lækkaði um 7% hinn 1. janúar 2010. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp tekur mið af innkaupsverði hverju sinni og hefur þróunin verið til lækkunar á þessum liðum vegna hagstæðari innkaupa, aukins flutnings og minni tapa. Á árinu var flutningssamningur við Isal endurnýjaður og áframhaldandi flutningur til þeirra tryggður næstu árin ásamt nokkurri aukningu. Þessi samningur er mikilvægur fyrir félagið og tryggir áfram stöðugar tekjur af þessum flutningi.

## Afkoma

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 3.563 mkr. fyrir árið 2010 samanborið við hagnað að fjárhæð 1.471 mkr. á árinu 2009. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 8.678 mkr. samanborið við 9.331 mkr. á fyrra ári og lækkar því um 653 mkr. á milli ára. Betri afkoma á árinu 2010 í samanburði við fyrra ár stafar að mestu af breytingum í fjármagnsliðum og felst aðallega í lægri verðbólgu á árinu 2010 og nettó gengishagnaði í stað nettó gengistaps árið áður. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 1.951 mkr. á árinu 2010 á móti 5.629 mkr. á árinu 2009. Heildarviðsnúningur vegna þeirra er 3.678 mkr. á milli ára.
Eiginfjárhlutfall í árslok var 16,5% samanborið við 11,3% í lok fyrra árs. Lausafjárstaða félagsins er sterk, í árslok nam handbært fé 4.256 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 7.360 mkr. árið 2010 samanborið við 7.519 mkr. árið 2009 og er því rekstrarhæfi félagsins mjög gott.

## Mannauður

Framtíðarsýn Landsnets er að vera ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Á árinu var ráðinn starfsmannastjóri til fyrirtækisins með það að markmiði að styrkja þjónustu við stjórnendur og starfsfólk á sviði starfsmannamála en fram til þessa hefur móðurfélagið, Landsvirkjun, séð um þau mál fyrir Landsnet. Nú hefur öll starfsmannaþjónusta verið færð til fyrirtækisins, að undanskildu launabókhaldi sem enn er unnið annars staðar. Landsnet leggur mikla áherslu á þjálfun og endurmenntun starfsfólks. Árið 2010 var sérstök áhersla lögð á þarfagreiningu þessara þátta með það að markmiði að gera þjálfun markvissari.

# Kerfisþróun

Árið 2010 var unnið að fjölbreyttum verkefnum er lúta að kerfishönnun einstakra verkefna en jafnframt að athugunum sem tengjast fyrirspurnum viðskiptavina og hagsmunaaðila. Enn fremur var unnið að almennum rannsóknum á flutningskerfinu og greiningu á mögulegum lausnum horft til framtíðar. Á árinu lauk vinnu við að skilgreina og skýra ferli undirbúningsverkefna frá þarfagreiningu til ákvörðunar um framkvæmd. Er þetta liður í því að hefja vinnu við leiðaval lína, tilheyrandi skipulagsvinnu og jafnvel umhverfismat fyrr í ferlinu en hingað til hefur tíðkast. Þetta á ekki síst við þar sem um er að ræða langtímaverkefni í uppbyggingu flutningskerfisins. Þessar áherslur eru mikilvægar til að stytta þann tíma sem líður frá því að þörf á styrkingu í flutningskerfinu liggur fyrir þar til framkvæmdir á verkstað geta hafist. Með þessu er Landsnet að leitast við að vera betur í stakk búið til að sinna þörfum viðskiptavina sem óska eftir tengingu með skömmum fyrirvara.

## Kerfisáætlun – flutningskerfi í nútíð og framtíð

Landsnet gefur árlega út kerfisáætlun. Í kerfisáætlun 2010 eru greindir mögulegir styrkleikar og veikleikar flutningskerfisins auk þess sem áætlunin gefur yfirlit yfir framkvæmdir á tímabili hennar. Jafnframt gefur áætlunin yfirlit yfir verkefni sem eru í undirbúningi.

Markmiðið með skýrslunni og þeim áætlunum sem hún byggist á er að kynna hvernig Landsnet hyggst uppfylla markmið sín á komandi árum, en þau eru að:

- mæta þörfum viðskiptavina,
- sjá til þess að geta kerfisins sé nægjanleg til þess að standa undir þeim lágmarkskröfum sem til þess eru gerðar,
- taka tillit til hagkvæmnisjónarmiða og þjóðhagslegra atriða sem fram koma í raforkulögum.

Mat á framtíðarþróun notkunar og framleiðslu á raforku er ávallt nokkurri óvissu háð. Því er mikilvægt að gera sem nákvæmastar áætlanir um þessa þróun og leggja tímanlega fram hagkvæmar lausnir, sem eru jafnframt öflugar og sveigjanlegar sé litið til lengri tíma. Helstu óvissuþættir við gerð áætlunar af þessu tagi eru til dæmis óvissa um stærð og staðsetningu jarðvarmavirkjana auk hugsanlegra breytinga á raforkunotkun stórnotenda, en raforkunotkun nýs stórnotanda getur verið á við margra ára vöxt almennrar raforkunotkunar. Í Kerfisáætlun 2010 eru kynnt öll verkefni Landsnets er varða uppbyggingu flutningskerfisins, hvort sem þau eru í framkvæmd, á hönnunarstigi eða í undirbúningi. Að þessu sinni er umfjöllun um verkefni í

undirbúningi nokkuð fyrirferðamikil í skýrslunni. Þar er um að ræða verkefni sem ekki eru tímasett, en byggð á viljayfirlýsingu milli Landsnets og viðskiptavinar eða mögulegri framtíðarþróun raforkukerfisins, jafnvel þótt ekki liggi fyrir tímasett þörf fyrir styrkingu. Að öllu jöfnu er nauðsynlegur undirbúningstími Landsnets lengri en hjá viðskiptavinum og það styttir tímann frá ákvörðun til framkvæmdar ef hluta undirbúnings er lokið. Kerfisáætlun er ætlað að gefa heildarsýn yfir þróun og áætlanir Landsnets næstu árin og er dreift til allra viðskiptavina og stórs hóps hagsmunaaðila auk þess sem hún er aðgengileg öllum á heimasíðu fyrirtækisins.

**Línuritið sýnir þróun mánaðarlegrar sem og árlegrar orkumötunar inn á flutningskerfið síðustu 10 árin. Jafnframt má sjá skiptingu mánaðarlegrar innmötunar á milli stórnotkunar, almennrar notkunar og flutningstapa.**




## Orkujöfnuður 2013 og afljöfnuður 2013/14

Gefin var út árleg skýrsla með áætluðum orku- og afljöfnuði til næstu þriggja ára til að upplýsa markaðsaðila um þróun álags og framleiðslu. Áætlað er að raforkunotkun aukist um 1,6 TWh frá 2010 til 2013, sem er minni aukning en áður hefur verið áætlað á þriggja ára tímabili. Mögulegt hámark raforkuframleiðslu er umfram áætlaða eftirspurn í öllum álagstilvikum, hvort sem gert er ráð fyrir mjög köldum vetrardegi og/eða þegar allur orkufrekur iðnaður nýtir tímabundið leyfilegt hámark samtímis. Líkur á aflskorti eru innan viðmiðunarmarka, bæði við áætlað almennt álag, sem og á köldum vetrardegi með auknu almennu álagi. Við útreikninga er ekki tekið tillit til möguleika á skerðingu ótryggs álags.

Skýrslan Orkujöfnuður 2013 og afljöfnuður 2013/14 er aðgengileg öllum á heimasíðu Landsnets.

**Orkujöfnuður svæða árið 2013 miðað við forsendur birtar í skýrslunni Orkujöfnuður 2013 og afljöfnuður 2013/14.**




## Rannsóknir og frumathuganir á nýjum línuleiðum

Á vegum Kerfisþróunar er stöðugt unnið að margþættum grunnrannsóknum með það að markmiði að styðja við ákvarðanatöku um leiðaval fyrir nýjar háspennulínur og gerð náttúrufarslegra álagsforsendna fyrir flutningsvirki. Reknar eru á fjórða tug mælistöðva á núverandi og væntanlegum línuleiðum víða um land, þar sem fram fara mælingar á ísingar- og vindálagi auk annarra veðurfarsþátta. Þá fer fram skipuleg skráning ísingartilvika á háspennulínum í rekstri. Af öðrum rannsóknum má nefna titringsmælingar á leiðurum, seltumælingar á einangrunarkeðjum og rannsóknir á áhrifum öskufalls á flutningsvirki. Enn fremur tekur fyrirtækið þátt í samstarfi fleiri fyrirtækja um eldingarannsóknir og um þróun veðurlíkana til að spá fyrir um og kortleggja veðurfarsþætti, sem máli skipta við hönnun mannvirkja. Unnið er að tilraunum með notkun vefmyndavéla og togmæla til rauntímavöktunar mikilvægra háspennulína á stöðum þar sem vænta má ísingar og mikils veðurálags. Loks má nefna virka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi vegna ísingarrannsókna. Á árinu 2010 var unnið að frumathugunum á nýjum línuleiðum og öðrum undirbúningi hugsanlegra nýlagna og endurbóta víða um land, bæði vegna stórnotenda og almennrar raforkunotkunar.

# Kerfisstjórn og markaður

Á árinu voru 16.496 GWh framleiddar beint inn á net Landsnets sem er 1,45% aukning frá fyrra ári. Þar af fóru 2.956 GWh til almennrar notkunar sem er um 0,79% minnkun frá fyrra ári. Aukningin varð hjá stórnotendum eða um 2,20%, úr 12.926 GWh í 13.209 GWh. Tap í flutningskerfinu nam 330 GWh árið 2010 og minnkaði frá fyrra ári um 25 GWh eða um 7,0% þrátt fyrir aukinn flutning og stafar það fyrst og fremst af hagstæðara aflflæði í flutningskerfinu. Hæsti afltoppur innmötunar mældist þann 6. desember, 2.108 MW sem er 1,69% aukning frá fyrra ári.

**Orkumagn um flutningskerfi Landsnets 2005–2010 í GWh**
**Prósentubreyting mill ára**




## Meðalverð og þróun gjaldskrár

Flutningskostnaður til dreifiveitna (kerfisþjónusta og flutningstöp meðtalin) var að meðaltali 117,47 aurar/kWh og hækkaði úr 112,35 aurum frá fyrra ári eða um 4,55%.

Við gengishækkun USD hafa tekjur af flutningi til stórnotenda aukist mælt í ISK. Sú aukning fullnýtti tekjumörk stórnotenda samkvæmt raforkulögum og leiddi til þess að Landsnet lækkaði flutningsgjöld til stórnotenda um 7% 1. janúar 2010.

Gjald fyrir flutning til stórnotenda er 5,24 USD/MWh og hefur gjaldið í USD haldist nokkuð stöðugt frá upphafi.

Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp tekur mið af innkaupsverði hverju sinni og hefur þróunin verið til lækkunar á þessum liðum vegna hagstæðari innkaupa og aukins flutnings. Á milli áranna 2008 og 2009 var engin mælanleg breyting.

**Almenn notkun**
**Meðalflutningsgjöld**




**Stórnotendur**
**Meðalflutningsgjöld**




Haustið 2007 var gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur breytt úr ISK í USD.
Vegið yfirfærslugengi var 60,99 kr. Útreikningar á meðalflutningsgjaldi fyrir árin 2005–2010 byggjast á því gengi.

**Þróun gjaldskrár fyrir almenna notkun í samanburði við vísitölu neysluverðs 2005–2010**




Á ofangreindu línuriti má sjá að hækkun á gjaldskrá Landsnets hefur allt frá stofnun fyrirtækisins verið töluvert undir verðlagsbreytingum.

**Dægursveifla á afli innmötunar og úttektar á degi mesta orkuflutnings (7.12.2010) og minnsta orkuflutnings (1.8.2010)**



## Kerfisþjónusta og reglunarafl

Samkvæmt lagalegri skyldu tryggir Landsnet nægilegt reiðuafl á hverjum tíma, stýrir tíðni og spennu og tryggir lágmarksframboð reglunarafls. Með samningum við Landsvirkjun er tryggt að 100 MW reiðuafl sé fyrir hendi á hverjum tíma. Þrír samningar liggja þar að baki: (i) Samningur um 10 MW í Blöndustöð og 30 MW af Þjórsársvæði sem gildir út árið 2015, (ii) samningur um 30 MW af Þjórsársvæði sem gildir út árið 2018 og (iii) samningur um 30 MW frá Fljótsdalsvirkjun sem gildir út árið 2018. Samningur við Landsvirkjun um 40 MW reglunaraflstryggingar til upp- og niðurreglunar gildir út árið 2011.

**Mánaðarmeðaltöl og útgildi reglunarafls**



**Langæislína jöfnunarorkuverðs árið 2010**




Velta á jöfnunarorkumarkaði var 238 millj. kr og meðalverð var 2.505 kr/MWh Hæst fór verðið í 13.000 kr/MWh og lægst í 0 kr.

## Stjórn- og varnarbúnaður

Helstu áherslur í rekstri stjórn- og varnarbúnaðar voru endurbætur á virkni varnarbúnaðar í 66 kV hluta flutningskerfisins á Vesturlandi. Haldið var áfram endurbótum á kerfisvörnum sem teknar voru í notkun við tengingu Fljótsdalsstöðvar og álvers í Reyðarfirði. Nýr varnarbúnaður var tekinn í notkun fyrir 132 kV Nesjavallalínu 2 milli Nesjavalla og Geithals.

Sérstakt átaksverkefni vegna varnarbúnaðar á Austurlandi fór í gang á árinu 2010 og er áætlað að því ljúki árið 2011. Þar með verður lokið við að endurnýja allar varnir á 66 kV flutningslínum fyrir austan. Í framhaldi af því stendur til að setja upp undirtíðnivarnir á Austurlandi sem tryggja eiga betur en áður afhendingu til almennra notenda við bilanir í flutningskerfinu eða við sérstakar rekstraraðstæður svo sem ef hluti 66 kV kerfis frátengist miðlæga flutningskerfinu.

Rekstrartruflanir urðu talsvert færri en árið á undan og straumleysismínútur vegna truflana í flutningskerfinu voru alls 10 sem er besta niðurstaða síðan 2003. Skerðing orku vegna truflana nam samtals 347 MWh.

Á árinu kom svokölluð „víðsjá" í stjórnstöð að góðum notum, einkum í þeim truflunum sem leiddu af sér miklar og snöggar álagsbreytingar í raforkukerfinu. Víðsjá er heiti hugbúnaðar sem safnar og greinir gögn og mælingar úr

hágæðamælum sem eru á nokkrum völdum stöðum í flutningskerfinu. Víðsjáin metur með hjálp þessara gagna stöðugleika raforkukerfisins í rauntíma og veitir þannig vaktmönnum mikilvægar upplýsingar t.d. um það hvort aflsveifla sé að myndast í kerfinu. Búnaðurinn gagnast einnig til truflanagreiningar eftir að atburðir hafa átt sér stað og er öflugt tæki til þess að greina atburðarás þar sem tímalengd milli atburða hleypur á millisekúndum.

## Netmáli

Á árinu bættist einn skilmáli við netmála Landsnets en það er skilmáli um rof og vinnu (C1) og tók hann gildi 1. mars 2010.
Unnið var að nokkrum skilmálum á árinu og voru skilmálar um stórnotendur á lægri spennu en 132 kV (B9) og skilmálar um hönnun flutningskerfisins (E1) sendir í samþykktarferli um mitt árið og munu þeir taka gildi snemma árs 2011.
Þá eru skilmálar um flutning raforku til stórnotenda (B4) langt komnir í vinnslu og verða þeir gefnir út á árinu 2011.

## Skipulagður markaður fyrir raforku – ISBAS

Áfram var fylgst með áhuga aðila raforkumarkaðarins á opnun uppboðsmarkaðar fyrir raforku, en undirbúningi fyrir skipulagðan markað lauk árið 2008 og var raforkumarkaðurinn tilbúinn til gangsetningar í nóvember það ár.

Aðilar markaðarins hafa ekki enn sýnt opnun markaðar þann áhuga sem nauðsynlegur er til að tryggja farsælan rekstur hans og var hann því ekki opnaður á árinu 2010.

# Raforkuflutningskerfi Landsnets í árslok 2010



# Rekstur flutningskerfisins

## Rekstur og viðhald

Landsnet framkvæmir reglubundið viðhald samkvæmt 20 ára viðhaldsáætlunum fyrir allan sinn búnað í flutningskerfinu. Lögbundnar rafmagnsöryggis- og rekstrarskoðanir voru einnig framkvæmdar samkvæmt viðhaldsáætlun. Á árinu fóru fram skoðanir á 1.170 km af háspennulínum samkvæmt skoðunaráætlun. Að auki voru aukaskoðanir á um 227 km af línum í tengslum við truflanir.

Aukin áhersla var lögð á greiningu á viðhaldi búnaðar tengivirkja flutningskerfisins með aðferðafræði áreiðanleikastýrðs viðhalds (RCM II). Sett var í gang verkefni um greiningu á viðhaldsþörf búnaðar tengivirkja með RCM II greiningu og er reiknað með að verkefninu ljúki árið 2016. Samhliða því fór í gang endurskoðun á viðhaldsþörf GIS virkja og er reiknað með að því verkefni ljúki 2011.

Áfram var unnið að ástands- og líftímagreiningum tengivirkja Landsnets og var lögð sérstök áhersla á að greina 66 kV tengivirki. Einnig var unnið að þróun á ástands- og líftímagreiningum háspennulína og haldið áfram með yfirferð og ítarlegar skoðanir á 66 kV línum í eigu Landsnets.

Unnið var að viðhaldi og lagfæringum á flutningslínum í kjölfar athugasemda eftir skoðun. Lögð var áhersla á vöktun og skoðanir Fljótsdalslína 3 og 4, sem tengja álverið á Reyðarfirði við tengivirkið við Fljótsdalsstöð. Vöktunin beindist meðal annars að myndun ísingar á leiðurum og hugsanlegri snjóflóðahættu. Á Hallormsstaðarhálsi er yfir vetrarmánuðina sérútbúið tæki til að hreinsa ísingu af leiðurum.

Ástand aflspenna, rofareita og hjálparkerfa var greint, auk þess sem gerðar voru tíma- og viðnámsmælingar á aflrofum og rýmdarmælingar á þéttavirkjum. Tekin voru olíusýni af aflspennum og hitamyndataka fór fram á háspennubúnaði.

Framkvæmdar voru viðtökuprófanir á búnaði í fimm tengivirkjum Landsnets vegna breytinga á árinu, þ.e. tengivirkjunum á Nesjavöllum, Geithálsi, Kolviðarhóli, Rangárvöllum og í Bolungarvík. Einnig voru gerðar viðtökuprófanir á tveimur nýjum háspennustrengjum, Nesjavallastreng 2 og Bolungarvíkurstreng 1. Netrekstur sá um tengingar á Bolungarvíkurstreng 1.

## Önnur rekstrarverkefni

Nesjavallastengur 1 var færður til vegna vegbreytinga í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ. Unnið var við að fergja Vestmannaeyjastrengi 1 og 2 á Landeyjasandi en á afmörkuðum svæðum hafði sandur sem huldi strengina fokið af.

Stæður í Tálknafjarðarlínu 1 voru styrktar á ísingarsvæði nærri Mjólkárvirkjun og byrjað var á undirbúningi útskipta á leiðara yfir Þorskafjörð í Mjólkárlínu. Hrútatungulína 1 var hækkuð yfir þjóðveg 1 á móti Óspaksstöðum í Hrútafirði og Rangárvallalína 1 hækkuð yfir veg inn í Lýtingsstaðahrepp.

Nokkrar stæður í Vopnafjarðarlínu voru jarðbundnar og upphengibúnaður styrktur á Hellisheiði en þar brann stæða þegar einangrari slitnaði undan ísingu sl. vetur. Nokkrar stæður í Eskifjarðarlínu voru jarðbundnar og upphengibúnaður styrktur á Eskifjarðarheiði þar sem leiðari féll til jarðar þegar einangrari slitnaði undan ísingu sl. vetur. Breytingar voru gerðar á Selfosslínu 1 við Selfoss þar sem línan var falltreyst yfir tengiveg.

Við neðansjávareftirlit á háspennusæstreng 2 frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja kom í ljós að einangrun strengsins var byrjuð að skemmast á um 250 m kafla og því nauðsynlegt að verja hann fyrir núningi sands sem er á stöðugri hreyfingu á svæðinu. Byrjað var að verja strenginn og reiknað er með að því ljúki árið 2011.

Á árinu var sá hluti Kröflulínu 2 sem tengdi Bessastaði við flutningskerfið fjarlægður ásamt því að unnið var við að yfirfara demparafestingar á Fljótsdalslínum 3 og 4 og Sultartangalínu 3. Breytingar voru gerðar á fasafestingum og tengibugtum horn- og fastmastra í Fljótsdalslínum 3 og 4 á Hallormsstaðarhálsi.

Við kápumælingar í kjölfar háspennubilunar á Nesjavallastreng 1 komu í ljós miklar kápuskemmdir og er unnið að því að kortleggja skemmdirnar og framkvæma bráðabirgðaviðgerðir á þeim.

Í framhaldi af úttekt á brennisteinsmengun í kringum Hellisheiðarvirkjun var ráðist í úrbætur á loftræstikerfunum á Geithálsi og í Hamranesi til að koma í veg fyrir áfellingar á vírendum og stjórnbúnaði tengivirkja. Unnið var að teng-

ingu útstöðva í tengivirkjum, sem Landsnet hefur eignast á undanförnum árum, við stjórnstöð Landsnets. Einnig var unnið við að minnka $SF_6$ gasleka í GIS virkjunum við Kolviðarhól og Hrauneyjafoss.

Rafgeymasett voru endurnýjuð í eftirfarandi tengivirkjum: Hellu, Rimakoti og á Hvolsvelli. Aflrofa fyrir Hellulínu 2 var skipt út fyrir nýrri rofa og eldingavarar í tengivirkinu á Vegamótum voru endurnýjaðir. Unnið var við endurnýjun á teinavörnum á Geithálsi.

# Tengivirki Landsnets í árslok 2010

| Heiti tengivirkis | KKS nr. | Með-eigandi | Spenna [kV] | Tekið í notkun |
|---|---|---|---|---|
| **Aðveitustöð 12** | A12 | OR | 132 | 2006 |
| **Akranes** | AKR | OR | 66 | 1987 |
| **Andakíll** | AND | OR | 66 | 1974 |
| **Bessastaðir** | BES | | 132/33 | 2003 |
| **Blanda** | BLA | LV | 132 | 1991 |
| **Bolungarvík** | BOL | OV | 66/11 | 1977 |
| **Breiðadalur** | BRD | OV | 66/33/19/11 | 1959 |
| **Brennimelur** | BRE | RA | 220/132/66/11 | 1978 |
| **Búrfell** | BUR | | 220/66 | 1999 |
| **Dalvík** | DAL | RA | 66/33/11 | 1981 |
| **Eskifjörður** | ESK | RA | 66/33/11 | 1993 |
| **Eyvindará** | EYV | RA | 132/66/33/11 | 1975 |
| **Fáskrúðsfjörður** | FAS | RA | 66/33/11 | 1998 |
| **Fitjar** | FIT | HS | 132 | 1990 |
| **Fljótsdalur** | FLJ | | 220/132 | 2007 |
| **Flúðir** | FLU | RA | 66/11 | 1995 |
| **Geiradalur** | GED | OV | 132/33/19 | 1983 |
| **Geitháls** | GEH | | 220/132 | 1969 |
| **Glerárskógar** | GLE | RA | 132/19 | 1980 |
| **Grundarfjörður** | GRU | RA | 66/19 | 1987 |
| **Hamranes** | HAM | | 220/132/11 | 1989 |
| **Hella** | HLA | RA | 66/11 | 1995 |
| **Hnoðraholt** | HNO | OR | 132 | 1990 |
| **Hólar** | HOL | RA | 132/19/11 | 1984 |
| **Hrauneyjafoss** | HRA | LV | 220 | 1981 |
| **Hrútatunga** | HRU | RA | 132/19 | 1980 |
| **Hryggstekkur** | HRY | RA | 132/66/11 | 1978 |
| **Húsavík** | HUS | RA | 33/11/6 | 1978 |
| **Hveragerði** | HVE | RA | 66/11 | 1983 |
| **Hvolsvöllur** | HVO | RA | 66/11 | 1995 |
| **Írafoss** | IRA | LV | 220/132/66/11 | 1953 |
| **Ísafjörður** | ISA | OV | 66/11 | 1959 |
| **Keldeyri** | KEL | OV | 66/33/11 | 1959 |
| **Kolviðarhóll** | KOL | | 220 | 2006 |
| **Korpa** | KOR | OR | 132/33/11 | 1976 |
| **Kópasker** | KOP | RA | 66/33/11 | 1980 |
| **Krafla** | KRA | LV | 132/11 | 1977 |

| Heiti tengivirkis | KKS nr. | Með-eigandi | Spenna [kV] | Tekið í notkun |
|---|---|---|---|---|
| **Lagarfoss** | LAG | RA | 66 | 2007 |
| **Laxá** | LAX | | 66/33/11 | 1937 |
| **Laxárvatn** | LAV | RA | 132/33/11 | 1977 |
| **Lindarbrekka** | LIN | RA | 66/11 | 1985 |
| **Ljósifoss** | LJO | LV | 66/11 | 1937 |
| **Mjólká (neðra virki)** | MJO | OV | 66/33/11 | 1980 |
| **Mjólká (efra virki)** | MJO | OV | 132/66 | 1980 |
| **Nesjavellir** | NES | OR | 132 | 1998 |
| **Neskaupstaður** | NKS | RA | 66/11 | 1994 |
| **Ólafsvík** | OLA | RA | 66/19 | 1980 |
| **Prestbakki** | PRB | RA | 132/19 | 1984 |
| **Rangárvellir** | RAN | RA | 132/66/11 | 1974 |
| **Rauðimelur** | RAU | | 132 | 2006 |
| **Reykjanes** | REY | HS | 132 | 2006 |
| **Rimakot** | RIM | RA | 66/33/11 | 1990 |
| **Sauðárkrókur** | SAU | RA | 66/33/11 | 1977 |
| **Selfoss** | SEL | RA | 66/11 | 2005 |
| **Seyðisfjörður** | SEY | RA | 66/11 | 1957 |
| **Sigalda** | SIG | LV | 220/132 | 1977 |
| **Silfurstjarnan** | SIL | RA | 66/11 | 1992 |
| **Steingrímsstöð** | STE | LV | 66/11 | 1959 |
| **Stuðlar** | STU | RA | 66/11 | 1980 |
| **Sultartangi** | SUL | | 220/11 | 1999 |
| **Svartsengi** | SVA | HS | 132 | 1997 |
| **Teigarhorn** | TEH | RA | 132/33/11 | 2005 |
| **Varmahlíð** | VAR | RA | 132/66/11 | 1977 |
| **Vatnsfell** | VAF | | 220/11 | 2001 |
| **Vatnshamrar** | VAT | RA | 132/66/19 | 1976 |
| **Vegamót** | VEG | RA | 66/19 | 1975 |
| **Vestmannaeyjar** | VEM | RA | 33 | 2002 |
| **Vogaskeið** | VOG | RA | 66/19 | 1975 |
| **Vopnafjörður** | VOP | RA | 66/11 | 1982 |
| **Þorlákshöfn** | TOR | RA | 66/11 | 1991 |
| **Öldugata** | OLD | | 132 | 1989 |
| **Öldugata** | OLD | | 132 | 1989 |

**RA=Rarik, OV=Orkubú Vestfjarða, HS=Hitaveita Suðurnesja,**
**LV=Landsvirkjun, OR=Orkuveita Reykjavíkur**

# Háspennulínur Landsnets í árslok 2010

| Spenna [kV] | Heiti háspennulínu | KKS nr. | Tekin í notkun | Tengivirki | Lengd [km] |
|---|---|---|---|---|---|
| 220 | **Brennimelslína 1** | BR1 | 1977 | Geithals - Brennimelur | 59 |
| | **Búrfellslína 1** | BU1 | 1969 | Búrfell - Írafoss | 61 |
| | **Búrfellslína 2** | BU2 | 1973 | Búrfell - Kolviðarhóll | 86 |
| | **Búrfellslína 3** | BU3 | 1992 | Búrfell - Hamranes | 119 |
| | **Fljótsdalslína 3** | FL3 | 2007 | Fljótsdalur - Reyðarfjörður | 49 |
| | **Fljótsdalslína 4** | FL4 | 2007 | Fljótsdalur - Reyðarfjörður | 53 |
| | **Hamraneslína 1** | HN1 | 1969 | Geithals - Hamranes | 15 |
| | **Hamraneslína 2** | HN2 | 1969 | Geithals - Hamranes | 15 |
| | **Hrauneyjafosslína 1** | HR1 | 1982 | Hrauneyjafoss - Sultartangi | 20 |
| | **Ísallína 1** | IS1 | 1969 | Hamranes - Ísal | 2 |
| | **Ísallína 2** | IS2 | 1969 | Hamranes - Ísal | 2 |
| | **Járnblendilína 1** | JA1 | 1978 | Brennimelur - Járnblendiv. | 5 |
| | **Kolviðarhólslína 1** | KH1 | 1973 | Kolviðarhóll - Geithals | 17 |
| | **Norðurálslína 1** | NA1 | 1998 | Brennimelur - Norðurál | 4 |
| | **Norðurálslína 2** | NA2 | 1998 | Brennimelur - Norðurál | 4 |
| | **Sigöldulína 2** | SI2 | 1982 | Sigalda - Hrauneyjafoss | 9 |
| | **Sigöldulína 3** | SI3 | 1975 | Sigalda - Búrfell | 37 |
| | **Sogslína 3** | SO3 | 1969 | Írafoss - Geithals | 36 |
| | **Sultartangalína 1** | SU1 | 1982 | Sultartangi - Brennimelur | 122 |
| | **Sultartangalína 2** | SU2 | 1999 | Sultartangi - Búrfell | 13 |
| | **Sultartangalína 3** | SU3 | 2006 | Sultartangi - Brennimelur | 119 |
| | **Vatnsfellslína 1** | VF1 | 2001 | Vatnsfell - Sigalda | 6 |
| | | | | **Samtals 220 kV** | **851** |
| 132 | **Aðveitustöð 7 (lína/jarðstrengur)** | AD7 | 1990 | Hamranes - Hnoðraholt | 10 |
| | **Blöndulína 1** | BL1 | 1977 | Blanda - Laxárvatn | 33 |
| | **Blöndulína 2** | BL2 | 1977 | Blanda - Varmahlíð | 32 |
| | **Eyvindarárlína 1** | EY1 | 1977 | Hryggstekkur - Eyvindará | 28 |
| | **Fitjalína 1** | MF1 | 1991 | Rauðimelur - Fitjar | 7 |
| | **Fljótsdalslína 2 (lína/jarðstrengur)** | FL2 | 1978 | Fljótsdalur - Hryggstekkur | 25 |
| | **Geiradalslína 1** | GE1 | 1980 | Glerárskógar - Geiradalur | 47 |
| | **Glerárskógalína 1** | GL1 | 1983 | Hrútatunga - Glerárskógar | 34 |
| | **Hafnarfjörður 1 (jarðstrengur)** | HF1 | 1989 | Hamranes - Hafnarfjörður | 4 |
| | **Hólalína 1** | HO1 | 1981 | Teigarhorn - Hólar | 75 |
| | **Hrútatungulína 1** | HT1 | 1976 | Vatnshamrar - Hrútatunga | 77 |
| | **Korpulína 1** | KO1 | 1974 | Geithals - Korpa | 6 |
| | **Kröflulína 1** | KR1 | 1977 | Krafla - Rangárvellir | 82 |
| | **Kröflulína 2** | KR2 | 1978 | Krafla - Fljótsdalur | 123 |
| | **Laxárvatnslína 1** | LV1 | 1976 | Hrútatunga - Laxárvatn | 73 |
| | **Mjólkárlína 1** | MJ1 | 1981 | Geiradalur - Mjólká | 81 |
| | **Nesjavallalína 1 (lína/jarðstrengur)** | NE1 | 1998 | Nesjavellir - Korpa | 32 |
| | **Nesjavallalína 2 (jarðstrengur)** | NE2 | 2010 | Nesjavellir - Geithals | 25 |
| | **Prestbakkalína 1** | PB1 | 1984 | Hólar - Prestbakki | 171 |
| | **Rangárvallalína 1** | RA1 | 1974 | Rangárvellir - Varmahlíð | 88 |
| | **Rangárvallalína 2 (jarðstrengur)** | RA2 | 2009 | Rangárvellir - Krossanes | 5 |
| | **Rauðamelslína 1** | RM1 | 2006 | Reykjanes - Rauðimelur | 15 |
| | **Rauðavatnslína 1 (lína/jarðstrengur)** | RV1 | 1953 | Geithals - A12 | 3 |

| Spenna [kV] | Heiti háspennulínu | KKS nr. | Tekin í notkun | Tengivirki | Lengd [km] |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Sigöldulína 4** | SI4 | 1984 | Sigalda - Prestbakki | 78 |
| | **Sogslína 2** | SO2 | 1953 | Írafoss - Geithæls | 44 |
| | **Suðurnesjalína 1** | SN1 | 1991 | Hamranes - Fitjar | 31 |
| | **Svartsengislína 1** | SM1 | 1991 | Svartsengi - Rauðimelur | 5 |
| | **Teigarhornslína 1** | TE1 | 1981 | Hyggstekkur - Teigarhorn | 50 |
| | **Vatnshamralína 1** | VA1 | 1977 | Vatnshamrar - Brennimelur | 20 |
| | | | | **Samtals 132 kV** | **1301** |
| 66 | **Akraneslína 1 (jarðstrengur)** | AK1 | 1996 | Brennimelur - Akranes | 17 |
| | **Andakílslína 1** | AN1 | 1966 | Andakíll - Akranes | 35 |
| | **Bolungarvíkurlína 1** | BV1 | 1979 | Breiðadalur - Bolungarvík | 17 |
| | **Bolungarvíkurlína 2 (jarðstrengur)** | BV2 | 2010 | Ísafjörður - Bolungarvík | 12 |
| | **Breiðadalslína 1** | BD1 | 1975 | Mjólká - Breiðadalur | 36 |
| | **Dalvíkurlína 1** | DA1 | 1982 | Rangárvellir - Dalvík | 39 |
| | **Eskifjarðarlína 1** | ES1 | 2001 | Eyvindará - Eskifjörður | 29 |
| | **Fáskrúðsfjarðarlína 1** | FA1 | 1989 | Stuðlar - Fáskrúðsfjörður | 17 |
| | **Flúðalína 1** | FU1 | 1978 | Búrfell - Flúðir | 27 |
| | **Grundarfjarðarlína 1** | GF1 | 1985 | Vogaskeið - Grundarfjörður | 35 |
| | **Hellulína 1** | HE1 | 1995 | Flúðir - Hella | 34 |
| | **Hellulína 2** | HE2 | 1948 | Hella - Hvolsvöllur | 13 |
| | **Hveragerðislína 1** | HG1 | 1982 | Ljósifoss - Hveragerði | 15 |
| | **Hvolsvallarlína 1** | HV1 | 1972 | Búrfell - Hvolsvöllur | 45 |
| | **Ísafjarðarlína 1 (lína/jarðstrengur)** | IF1 | 1959 | Breiðadalur - Ísafjörður | 15 |
| | **Kópaskerslína 1** | KS1 | 1983 | Laxá - Kópasker | 83 |
| | **Lagarfosslína 1** | LF1 | 1971 | Lagarfoss - Eyvindará | 27 |
| | **Laxárlína 1** | LA1 | 1953 | Laxá - Rangárvellir | 58 |
| | **Ljósafosslína 1 (jarðstrengur)** | LJ1 | 2002 | Ljósifoss - Írafoss | 1 |
| | **Neskaupstaðarlína 1** | NK1 | 1985 | Eskifjörður - Neskaupstaður | 18 |
| | **Ólafsvíkurlína 1** | OL1 | 1978 | Vegamót - Ólafsvík | 49 |
| | **Rimakotslína 1** | RI1 | 1988 | Hvolsvöllur - Rimakot | 22 |
| | **Sauðárkrókslína 1** | SA1 | 1974 | Varmahlíð - Sauðárkrókur | 22 |
| | **Selfosslína 1** | SE1 | 1981 | Ljósifoss - Selfoss | 20 |
| | **Selfosslína 2** | SE2 | 1947 | Selfoss - Hella | 32 |
| | **Seyðisfjarðarlína 1** | SF1 | 1996 | Eyvindará - Seyðisfjörður | 20 |
| | **Steingrímsstöðvarlína 1 (lína/jarðstrengur)** | ST1 | 2003 | Steingrímsstöð - Ljósifoss | 3 |
| | **Stuðlalína 1 (jarðstrengur)** | SR1 | 2005 | Hryggstekkur - Stuðlar | 16 |
| | **Stuðlalína 2** | SR2 | 1983 | Stuðlar - Eskifjörður | 18 |
| | **Tálknafjarðarlína 1** | TA1 | 1985 | Mjólká - Keldeyri | 45 |
| | **Vatnshamralína 2** | VA2 | 1974 | Andakíll - Vatnshamrar | 2 |
| | **Vegamótalína 1** | VE1 | 1974 | Vatnshamrar - Vegamót | 64 |
| | **Vogaskeiðslína 1** | VS1 | 1974 | Vegamót - Vogaskeið | 25 |
| | **Vopnafjarðarlína 1** | VP1 | 1980 | Lagarfoss - Vopnafjörður | 58 |
| | **Þorlákshafnarlína 1** | TO1 | 1991 | Hveragerði - Þorlákhöfn | 19 |
| | | | | **Samtals 66 kV** | **991** |
| 33 | **Húsavíkurlína 1** | HU1 | 1964 | Laxá - Húsavík | 26 |
| | **Vestmannaeyjalína 1 (sæstrengur)** | VM1 | 1978 | Vestmannaeyjar - Rimakot | 15 |
| | **Vestmannaeyjalína 2 (sæstrengur)** | VM2 | 1966 | Vestmannaeyjar - Rimakot | 16 |
| | | | | **Samtals 33 kV** | **57** |
| | | | | **Samtals** | **3200** |

## Vinna fyrir ytri aðila

Netrekstur hefur aðstoðað viðskiptavini sína og móðurfélag þegar leitað hefur verið eftir því. Á þessu ári aðstoðaði Landsnet Járnblendið við framhjáteng-ingar í tengivirki þess þegar upptekt á því fór fram ásamt því að taka upp aflrofana. Einnig aðstoðaði Landsnet Norðurál við flutninga á aflspenni og við viðgerð á aflrofa í 30 kV GIS virki þeirra.

## Helstu truflanir á rekstri

Fyrirvaralausar rekstrartruflanir í flutningskerfinu árið 2010 voru alls 29 sem er minna en árið á undan. Bilanir sem tengdust rekstrartruflunum voru 41, sem þýðir að fleiri en ein bilun hafi komið fram í nokkrum rekstrartruflunum. Skerðing vegna fyrirvaralausra truflana í flutningskerfinu nam samtals 316 MWh og samsvarar það 10 straumleysismínútum og er það minnsta árlega skerðing síðustu tíu árin. Skerðing vegna truflana í kerfi annarra veitna nam samtals 536 MWh.

**Fjöldi fyrirvaralausra bilana í flutningskerfi Landsnets 2000–2010**



**Straumleysismínútur vegna fyrirvaralausra bilana í flutningskerfi Landsnets 2000–2010**




## Helstu truflanir sem ollu skerðingu

Helstu truflanir sem ollu skerðingu á afhendingu rafmagns til viðskiptavina voru eftirfarandi:
Þann 26. febrúar var Hafnarfjarðarlína 1 tekin út vegna mistaka. Skerðing til notenda vegna þessa nam um 4 MWh.
15. mars leysti Flúðalína 1 út er einn fasi í línunni slitnaði. Í framhaldi af því leysti spennir á Flúðum út vegna rangra stillinga varnarbúnaðar. Skerðing vegna þeirra truflana nam 22 MWh.
24. mars slitnaði leiðari í Vopnafjarðarlínu og eldur kom upp í stæðu. Skerðing vegna þessarar truflunar nam 76 MWh.
7. maí. Í framhaldi af truflun hjá Norðuráli leysti út stór hluti byggðalínunnar frá Brennimel að Teigarhorni. Skerðing vegna truflunarinnar er metin samtals um 157 MWh.
1. og 9. september olli útleysing hjá stóriðju niðurkeyrslu skála annarrar stóriðju. Skerðing vegna þessa er metin 10 MWh í hvort sinn.
12. október var Fitjalína 1 tekin út vegna tæknilegra mistaka við vinnu í stöðinni. Innsetning dróst vegna erfiðleika við fjarstýringu og staðstýringu rofa. Straumlaust varð um tíma hjá notendum á Suðurnesjum, einnig fór út álag hjá stóriðju á Grundartanga. Skerðing á orkuafhendingu til notenda er metin 22 MWh.
14. október losnaði bugt á Ólafsvíkurlínu 1 og féll leiðarinn niður á stæðu sem brann. Auk þess leysti spennir á Grundarfirði út óvalvíst í þessari truflun. Skerðing nam 25 MWh.

18. október olli útleysing hjá stóriðju því að kerfisvarnir drógu úr álagi annarrar stóriðju. Skerðing vegna truflunarinnar er metin 10 MWh.
1. nóvember braut ísjaki úr Grímsvatnahlaupi stæðu í Prestbakkalínu 1. Óveruleg skerðing varð vegna þess.
17. desember leysti Sultartangalína 1 út vegna samsláttar. Í framhaldi af því leysti út allt álag hjá Norðuráli sem leiddi til útleysinga á Norðurlandi og Austfjörðum. Straumleysi varaði ekki lengi en heildarskerðing nam um 4 MWh.

# Nýframkvæmdir

## Undirbúningur nýrra verkefna

Unnið var að undirbúningi tengingar fyrirhugaðrar Búðarhálsvirkjunar á árinu. Gert er ráð fyrir byggingu tengivirkis við Búðarháls og byggingu 6 km langrar línu (220 kV), Búðarhálslínu 1, sem mun tengjast inn á Hrauneyjafosslínu 1 við Langöldu. Þá var einnig unnið að undirbúningi fyrir tengingu virkjana í Neðri Þjórsá við flutningskerfið.

Vegna áforma um aukna raforkuframleiðslu og iðnað á Suðvesturlandi hefur Landsnet unnið að undirbúningi verkefnisins Suðvesturlínur. Álit Skipulagsstofunar vegna mats á umhverfisáhrifum verkefnisins lá fyrir 17. september 2009 en það var kært. Umhverfisráðuneytið úrskurðaði 28. janúar 2010 að álit Skipulagsstofnunar skyldi standa og að ekki væri tilefni til þess að krefjast sameiginlegs umhverfismats með öðrum tengdum framkvæmdum. Vegna gengisbreytinga hafði kostnaðaráætlun Suðvesturlína hækkað verulega og var því farið í hagræðingarátak sem skilaði góðum árangri. Verkefnið er þó í biðstöðu vegna óvissu um orkuöflun og uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reykjanesi.

Áfram var unnið að undirbúningi byggingar 220 kV línu milli Blöndustöðvar og Akureyrar, en verkefnið er áfangi í endurbyggingu Byggðalínunnar auk þess að tengjast áformum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Eyjafjarðarsvæðinu. Á árinu lauk að mestu verkhönnun og mati á umhverfisáhrifum.

Undanfarin ár hefur Landsnet unnið að undirbúningi á uppbyggingu flutningskerfis raforku frá væntanlegum gufuaflsvirkjunum á Norðausturlandi ásamt tengingu við meginflutningskerfið. Á árinu lauk mati á umhverfisáhrifum flutningsvirkja og einnig sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum virkjana í Kröflu og á Þeistareykjum, háspennulína og álvers á Bakka. Skipulagsstofnun skilaði áliti sínu 25. nóvember og telur stofnunin að við leyfisveitingar vegna flutningsvirkja þurfi að setja fimm skilyrði:

- Tryggja þarf að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs.
- Endurheimta þarf a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem hugsanlega raskast.
- Tryggja þarf að sjaldgæfum plöntum við Þeistareyki verði hlíft eins og kostur er og að staðsetning mastra og slóða taki mið af staðsetningu þeirra. Einnig að tryggja að framkvæmdir trufli ekki varp fálka á svæðinu.
- Tryggja þarf að ekki verði raskað fimm stöðum í landi Þeistareykja þar sem fornleifar mun að finna og átta slíkum stöðum í landi Bakka.
- Leggja þarf fram áætlun um rannsóknir á umfangi flugs fugla á raflínur og bera niðurstöður slíkrar rannsóknar undir Umhverfisstofnun.

Landsvirkjun undirbýr nú nýja gufuaflsvirkjun í Bjarnarflagi og á árinu lauk Landsnet við verkhönnun á tengingu virkjunarinnar við meginflutningskerfið. Í verkefninu felst bygging á nýju tengivirki í Bjarnarflagi, breytingar í tengivirkinu í Kröflu og jarðstrengur þar á milli. Jarðstrengurinn fer um jarðhitasvæði og er því í stokk á 500 metra kafla. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framkvæmd.

Vegna áforma um uppbyggingu iðnaðarsvæðis við Þorlákshöfn var unnið að skipulagsmálum og umhverfismati fyrir tvær 220 kV háspennulínur frá Hellisheiði til Þorlákshafnar. Frummatsskýrsla hefur verið kynnt og búist er við að álit Skipulagsstofnunar liggi fyrir í upphafi árs 2011.

Endurnýjun tengivirkisins á Akranesi hefur legið fyrir í nokkurn tíma og var verkefnið, sem unnið er í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur, í biðstöðu framan af ári. Í lok árs var ákveðið að hefja aftur undirbúning og er stefnt að því að framkvæmdir við verkið hefjist á árinu 2011. Nýja tengivirkið verður byggt í nýju iðnaðarhverfi Akranesbæjar.

Unnið var að undirbúningi fyrir útboð á 100 MVA 220/132 kV varaspenni sem áætlað er að bjóða út á árinu 2011.

Undirbúningur fyrir nýtt týristorstýrt launaflsvirki á Grundartanga hófst í lok ársins. Launaflsvirkið gerir frekari álagsaukningu á Grundartanga mögulega upp að ákveðnu marki án nýrra línubygginga, auk þess sem það styrkir spennustýringu og -gæði í kerfinu.

## Nýframkvæmdir vegna flutningsvirkja

Á árinu var unnið við síðasta áfanga framkvæmda við stækkun tengivirkisins á Rangárvöllum, sem ráðist var í vegna tengingar aflþynnuverksmiðju Becromal. Áfanginn fólst í endurnýjun og stækkun á launaflsvirki og var fyrsti hluti þess tekinn í rekstur í desember. Launaflsgeta nýs virkis verður 60 Mvar og lýkur uppsetningu þess á fyrsta ársfjórðungi 2011.

Nýr jarðstrengur milli Nesjavalla og Geithals var lagður árið 2009 og tekinn í rekstur 8. febrúar 2010. Í verkefninu var lögð mikil áhersla á að raska sem minnst jarðmyndunum á Hengilsvæðinu og var því borað fyrir strengnum á nokkrum stöðum í gegnum Dyrfjöll. Umhverfisúttekt fór fram og voru hagsmunaaðilar mjög sáttir við þessa framkvæmd.

Framkvæmdum við lagningu Bolungarvíkurlínu 2, 66 kV jarðstrengs sem liggur 12 km leið milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, lauk árið 2010 og fór strengurinn í rekstur í byrjun desember. Framkvæmdin styttir tenginguna milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur um 4,5 km og eykur afhendingaröryggi raforku á norðanverðum Vestfjörðum. Hafist var handa við lagningu strengsins, 5,5 km leið, í hin nýju Bolungarvíkurgöng sem liggja milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, í janúar 2010. Lagning strengsins utan ganga hófst í júní 2010 og lauk mánaðamótin október-nóvember. Samhliða þeirri framkvæmd var lagður göngustígur milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

Um leið og Lagarfossvirkjun var stækkuð árið 2007 var skipt um leiðara á Lagarfosslínu 1 að undanskildum kafla næst Eyvindará við Egilsstaði en sá kafli verður rifinn og lagður í jörð. Á árinu var unnið að gerð útboðsgagna fyrir lagningu jarðstrengsins auk þess sem lagður var nýr vegur að lóð á Eyvindará og frekari lagfæringar á ásýnd lóðarinnar undirbúnar. Áætlað er að leggja strenginn sumarið 2011 og eru áætluð verklok í nóvember 2011.

Orkuveita Reykjavíkur vinnur að stækkun Hellisheiðarvirkjunar og mun taka vélar 5 og 6 í notkun árið 2011. Landsnet mun tengja þessar nýju vélar við flutningskerfið. Til hagræðingar var ákveðið að samtengja tvær eldri vélar (vélar 3 og 4) inn á einn rofa og losa þannig rofa til þess að tengja vélar 5 og 6. Í júní 2010 var lokið við samtengingu véla 3 og 4 og verkefninu lýkur árið 2011.

Framkvæmdum við flutningsvirki vegna álvers á Reyðarfirði er að mestu lokið en unnið var að ákveðnum frágangsmálum á árinu 2010. Lokið var við niðurrif tengivirkis við Bessastaði, sem byggt var fyrir virkjanaframkvæmdirnar, og niðurrif eldri hluta Kröflulínu 2 sem tengdist Bessastöðum. Málum er enn ólokið varðandi launafsvirkið á Hryggstekk en á árinu 2010 komu enn og aftur upp bilanir í virkinu. Lokaprófanir á virkinu hafa ekki farið fram né formleg viðtaka frá verktaka.

# Stoðþjónusta

## Gæðamál

Starfsemi Landsnets hefur verið vottuð samkvæmt kröfum alþjóðlega stjórnunarstaðalsins ISO 9001 frá árinu 2007. Öll verkferli fyrirtækisins miða að því að tryggja örugga afhendingu raforku frá framleiðendum til dreififyrirtækja og stóriðju. Landsnet vinnur einnig eftir opinberlega samþykktu stjórnkerfi rafmagnsöryggismála, samkvæmt reglugerð um raforkuvirki.

Á árinu fóru fram tvær viðhaldsúttektir á gæðakerfinu á vegum vottunarstofu auk 23 innri úttekta. Þá fór einnig fram ytri úttekt á virkni rafmagnsöryggisstjórnkerfis fyrirtækisins. Úttektin var framkvæmd af faggiltri skoðunarstofu á rafmagnssviði, fyrir hönd Brunamálastofnunar, sem hafði yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi.

Helsta átaksverkefni ársins var allsherjar endurskoðun á uppsetningu verkferla í rekstrarhandbók Landsnets.

## Umhverfismál

Á árinu var hafist handa við innleiðingu á stjórnkerfi umhverfismála, sem uppfylla á kröfur alþjóðlega staðalsins ISO 14001. Áætlað er að hægt verði að votta innleiðslu og virkni þess árið 2012.

Um miðjan október lögfesti alþingi Evrópureglugerð, sem hefur það að markmiði að draga úr losun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Þessi reglugerð er mjög mikilvæg fyrir Landsnet. Í flutningskerfinu eru nokkrar aðveitustöðvar, þar sem rafbúnaður er einangraður með lofttegundinni $SF_6$. Þetta er manngert efni, sem er mjög góður neistavari en veldur hins vegar auknum gróðurhúsaáhrifum. Hin nýja reglugerð gerir auknar kröfur til starfsemi Landsnets, m.a. varðandi hæfni og þjálfun starfsmanna sem vinna við uppsetningu og viðhald rafbúnaðar. Starfsmenn Landsnets áttu frumkvæði að því að búa fyrirtækið undir gildistöku þessarar reglugerðar, m.a. með því að skipuleggja og setja saman námsefni sem uppfyllir kröfur reglugerðarinnar. Áætlað er að starfsmenn Landsnets og verktakar á þeirra vegum fái þjálfun samkvæmt þessu árið 2011.

Landsnet og Landgræðsla ríkisins hafa frá árinu 2006 verið í samstarfi um uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar á afréttinum sunnan Langjökuls, við Uxahryggjaveg og í grennd við Tjaldafell norðaustan við Skjaldbreið. Bæði

svæðin eru í nágrenni háspennulína. Er þetta fimmta sumarið sem unnið er að uppgræðslu á þessum slóðum og er árangurinn orðinn mjög sýnilegur og landið að taka góðum framförum, en alls hefur verið unnið á um 200 hekturum lands. Viðfangsefnin eru nokkuð breytileg á svæðinu, grýttir melar, sandmelar og moldir. Við uppgræðsluna unnu vinnuhópar ungmenna við handdreifingu þar sem vélum varð ekki komið við.

## Öryggismál

Landsnet hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á öryggismál í starfseminni hvort heldur um er að ræða rekstraröryggi eða persónuöryggi. Forgangsmál Landsnets er öryggi og heilsufar starfsmanna fyrirtækisins sem endurspeglast í öflugri öryggisstefnu þar sem stuðst er við gildi Landsnets sem eru áreiðanleiki, framsækni, hagsýni og virðing.

Lögð er rík áhersla á að starfsfólk Landsnets og þeir fjölmörgu aðilar sem þjóna fyrirtækinu komi öruggir heim að vinnudegi loknum. Þessi framsækna stefna hefur skilað ágætum árangri í öryggismálum undanfarin ár. Árið 2010 urðu þó tvö fjarveruslys, annað minniháttar en hitt nokkuð alvarlegt. Slysatíðnin hjá Landsneti þ.e. „H" talan var í lok árs 1,63 miðað við 200.000 vinnustundir. Á árinu 2011 verður lögð sérstök áhersla á slyslaust fyrirtæki með markvissum kynningum með starfsmönnum og auknum kröfum um notkun persónuhlífa í öllum störfum sem og markvissum áhættugreiningum verka.
Ágætan árangur Landsnets má þakka árvekni, þekkingu starfsmanna og markvissu skráningarkerfi fyrir óhöpp og slys ásamt ábendingum og eftirfylgni.

Árið 2010 voru megináherslur í öryggismálum þær að innleiða öryggisstaðalinn OHSAS18001 og um leið að endurskoða öll gæðaskjöl Landsnets er varða öryggismál með það í huga að einfalda skjölin og gera þau aðgengilegri fyrir alla starfsmenn. Landsnet er afar vel undir það búið að innleiða staðalinn enda hefur allt starf er varðar öryggismál gengið út á að uppfylla kröfur hans en staðallinn byggist á eldri staðli frá BSI sem er BS8800

Árið 2010 voru skráð 18 atvik sem varða öryggismál í tilkynningagrunn Landsnets en 15 árið áður. Tvær af þessum tilkynningum fjalla um fjarveruslys á móti einu árið áður. Aðrar tilkynningar snerust um ábendingar um það sem betur má fara.

Heilsufar starfsmanna Landsnets var þokkalegt árið 2010 miðað við landsmeðaltal. Hlutfall veikindadaga starfsmanna hefur þó farið hægt vaxandi frá stofnun Landsnets og er engin einhlít skýring á því. Veikindahlutfallið árið 2010 var 2,1% sem er lítils háttar aukning frá fyrra ári en tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali sem telst nokkuð góður árangur.

Fylgst var með þróun H1N1 veirunnar, ráðstafanir voru gerðar hjá Landsneti til að draga úr smithættu og má ætla að það hafi haft jákvæð áhrif.

## Neyðarstjórnun Landsnets

Reglubundin starfsemi neyðarstjórnar Landsnets gekk vel á árinu og neyðarsamstarf raforkukerfisins NSR var samkvæmt áætlun árið 2010. Haldnir voru tveir sameiginlegir fundir þátttökuaðila NSR. Markmiðið með starfinu er að stilla saman strengi gagnvart vá og að byggja upp sameiginlegan samráðsvettvang, gagnkvæma upplýsingamiðlun og undirbúa aðgerðir til að draga úr alvarlegum atvikum innan raforkugeirans. Á þetta samstarf reyndi töluvert í eldgosinu í Eyjafjallajökli og það gekk nánast hnökralaust. Tveir fulltrúar NSR ásamt ráðgjafa tóku þátt í reglubundnum fundum Almannavarna og miðluðu um leið upplýsingum til fulltrúa NSR.

NordBER eða Nordisk Berednings Forum er vettvangur raforkuflutningsfyrirtækja og orkustofnana á Norðurlöndunum um rekstraröryggismál. Markmið NordBer er að deila upplýsingum milli landa, veita aðstoð yfir landamæri í alvarlegri vá og greina vandamál sem upp kunna að koma innan norræna raforkugeirans. Landsnet og Orkustofnun taka þátt í starfsemi NordBER. Starfið fer fram í vinnunefndum þar sem lögð er áhersla á m.a. áhættu- og viðkvæmnigreiningar, æfingar neyðarstjórna, öryggi fjarskipta og hættur af náttúrulegum toga.

## Upplýsingatækni

Undir upplýsingatæknideild heyrir rekstur allra upplýsingakerfa og fjarskiptamál Landsnets.

Á árinu 2010 var starfsemi upplýsingatæknideildar efld með því að taka yfir verkefni í auknum mæli sem áður voru unnin annars staðar. Þar má nefna að hafin var vinna við tvöföldun á miðlægum tölvubúnaði og einnig var notendaþjónusta tekin inn í rekstur félagsins.

Undirbúningur var hafinn að uppfærslu á orkustjórnkerfisbúnaði, þar sem stefnt er að uppfærslu á bæði hug- og vélbúnaði á næstu misserum. Orkustjórnkerfi Landsnets stýrir stærstum hluta framleiðslu og flutningi raforku í landinu og því mikið í húfi að halda búnaðinum vel við.

Áreiðanlegur rekstur upplýsingakerfa með rauntímagögnum tryggir öryggi fjarskipta. Eins og undanfarin ár fór mikill tími í greiningu á fyrirkomulagi fjarskipta og gerð tillagna til styrkingar kerfisins. Landsneti er heimilt samkvæmt raforkulögum að sinna fjarskiptum til eigin nota. Þá er félaginu ennfremur, samkvæmt breytingu á raforkulögunum í febrúar 2011, heimilt að fengnu leyfi Samkeppniseftirlitins að eiga hlut í, ásamt öðrum, fjarskiptafélagi sem hefur það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Þessi breyting á lögunum opnar nýja möguleika á samstarfi við aðra um fjarskipti. Landsnet er með starfsemi í öllum landshlutum og mikilvægt að áreiðanleg fjarskipti séu ætíð fyrir hendi.

Á árinu var almenn fjarskiptaþjónusta boðin út og í kjölfar þess samið við nýjan birgi. Þá var hafinn undirbúningur að bættum fjarskiptatengingum á helstu tengistöðum Landsnets, en fjölgun á slíkum tengimöguleikum leggur grunninn að aukinni og fjölbreyttari nýtingu á upplýsingatækni við rekstur raforkukerfisins.

Ábyrgð Landsnets er mikil þegar kemur að öryggi upplýsinga um raforkuframleiðslu, flutning og rekstur raforkumarkaðar. Með það að leiðarljósi var hafist handa við innleiðingu á staðli um upplýsingaöryggi (ISO 27001), og verður sú innleiðing áberandi næstu misserin.

Landsnet hefur í stefnuskrá sinni að vera hátæknifyrirtæki, sem byggir á notkun öflugra upplýsingatæknikerfa og vel menntuðum sérfræðingum í upplýsingatækni. Bæði hin almennu rekstrarkerfi og orkustjórnkerfið eru í sífelldri þróun og endurnýjun, enda örar framfarir á þeim sviðum. Starfsmenn þurfa að fylgjast vel með slíkri þróun og sækja námskeið og ráðstefnur til að auka þekkingu sína á þessum málum.

## Mannauður

Framtíðarsýn Landsnets er að vera ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Á árinu var ráðinn starfsmannastjóri til fyrirtækisins með það að markmiði að styrkja þjónustu við stjórnendur og starfsfólk á sviði starfsmannamála en fram til þessa hefur móðurfélagið, Landsvirkjun, séð um þau

mál fyrir Landsnet. Nú hefur öll starfsmannaþjónusta verið færð til fyrirtækisins, að undanskildu launabókhaldi sem enn er unnið annars staðar. Landsnet leggur mikla áherslu á þjálfun og endurmenntun starfsfólks. Árið 2010 var sérstök áhersla lögð á þarfagreiningu þessara þátta með það að markmiði að gera þjálfun markvissari.

Í árslok voru stöðugildi fyrirtækisins 97 en fastir starfsmenn 98. Um 81% starfsmanna eru karlar en 19% konur. Kynjaskipting er jafnari þegar kemur að hópi stjórnenda, konur eru 33% stjórnenda en karlar 67%.

Landsnet leggur ríka áherslu á að laða til sín hæft starfsfólk. Menntun starfsmanna er fjölbreytt en flestir starfsmenn eru með menntun á sviði verkfræði, einkum rafmagnsverkfræði, og raf- og rafveituvirkjunar. Á árinu 2010 voru 8 starfsmenn ráðnir til starfa hjá fyrirtækinu, þar af voru tveir ráðnir í tímabundið starf. 39 ungmenni voru ráðin til sumarstarfa auk 14 háskólanema. Starfsmannavelta var 3% á árinu.

## Þjálfun og þróun

Landsnet leggur mikla áherslu á þjálfun starfsfólks. Á árinu 2010 var sérstök áhersla lögð á þarfagreiningu þjálfunar með það að markmiði að gera þjálfun markvissari. Framboð þjálfunar var mótað og kynnt með nýjum hætti og námsdagskrá sett fram í tímann. Boðið var upp á 52 námskeið á árinu og voru fræðslufundir í fyrirtækinu u.þ.b. 2500. Starfsmenn sóttu auk þessa sérhæfða þjálfun erlendis með þátttöku í námstefnum og námskeiðum.

## Liðsheild og velferð starfsmanna

Vinnustaðagreining Gallup fer reglulega fram hjá Landsneti. Starfsánægja jókst frá síðustu mælingu og heldur því áfram að vera mikil. Starfsmönnum finnst jafnvægi á milli einkalífs og vinnu mjög gott og endurspeglar það áherslu fyrirtækisins á þennan málaflokk. Starfsmenn eru einnig mjög tilbúnir að mæla með vinnustaðnum en finnst starfinu sínu fylgja nokkur streita.

Á árinu hefur verið lögð áhersla á að styrkja liðsheild. Til viðbótar við öflugt starfsmannafélag hefur fyrirtækið stutt við og styrkt framtak og frumkvæði starfsmanna á þessu sviði sem skilar sér m.a. í mikilli starfsánægju starfsmanna.

# Fjármál

## Tekjumörk og gjaldskrá

Alþingi samþykkti frumvarp um breytingu á raforkulögum í mars 2011. Eitt af meginatriðum frumvarpsins er breyting á 12. gr. laganna sem snýr að tekjumörkum og setningu þeirra. Helstu breytingar eru þær að tekjumörk eru sett til 5 ára, eignagrunnur stórnotenda er fluttur í USD, arðsemi er bundin við veginn fjármagnskostnað (WACC), skilgreind er arðsemi á veltufjármuni og gerðar eru ákveðnari kröfur varðandi tímasetningar og eftirlit.

Á árinu 2007 var gjaldskrá stórnotenda breytt úr ISK í USD en ákvörðun tekjumarka var ekki breytt. Í framhaldi af efnahagshruninu og falli íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur af stórnotendum í takt við breytt gengi USD og myndaðist við það misvægi í samanburði við sett tekjumörk án þess að tekið væri tillit til aukins kostnaðar Landsnets vegna gengisbreytinga. Með því að grundvalla setningu tekjumarka til stórnotenda í sömu mynt og gjaldskráin er sett fram í er unnið gegn því að slíkt misræmi geti skapast.

Samkvæmt þeim lögum sem í gildi voru árið 2010 setti Orkustofnun Landsneti tekjumörk til þriggja ára í senn. Þau voru byggð á rekstrarkostnaði, afskriftum og arðsemi. Félaginu var gert að fjármagna sig og skila eigendum arði á grundvelli settrar arðsemi. Arðsemin tók mið af verðmæti eignastofns virkra fastafjármuna og ávöxtunarkröfu fimm ára ríkisskuldabréfa.

Í árslok 2006 setti Orkustofnun Landsneti tekjumörk fyrir árin 2007 til 2009 en hefur ekki enn ákveðið tekjumörk áranna 2010–2012. Unnið hefur verið með Orkustofnun að uppgjöri tekjumarka fyrir árin 2006–2009 og hefur Landsnet lagt inn tillögu að uppgjöri fyrir umrædd ár en niðurstaða þess er enn óljós vegna mismunandi túlkunar á einstökum atriðum. Þá hefur Orkustofnun lagt áherslu á endurskoðun aðferðar við skiptingu eigna á milli almennings og stórnotenda en eldri aðferð tekur ekki mið af breytingum í kerfinu sem verður við tengingu nýrra framleiðenda og notenda.

Landsnet hefur í gegnum árin farið varlega í hækkun á flutningsgjaldskrá sinni. Gjaldskrá til dreifiveitna var hækkuð frá 1. ágúst 2009 um 10% og hefur ekki tekið neinum hækkunum frá þeim tíma. Gjaldskrá til stórnotenda, sem sett er í USD, lækkaði um 7% í upphafi árs 2010.

Gjaldskrá vegna tapa og kerfisþjónustu var lækkuð um áramót 2009/2010 í ljósi þess að nokkrar umframtekjur höfðu skapast vegna þessara þátta. Þá var gjaldtaka vegna seldrar kerfisþjónustu lækkuð um 5% en sala á tapi um 25%.

Landsnet hefur sett sér það markmið að endurselja þessa þjónustu með 1% álagi og kemur því lægra verð fram í lægri gjaldskrár. Sýnt hefur verið fram á að raunlækkun flutningsgjaldskrár Landsnets til almennings hefur verið um 35% frá stofnun fyrirtækisins. Á fyrri hluta árs 2011 má vænta ákvörðunar um breytingu á flutningsgjaldskrá með tilliti til fyrrgreindra breytinga á raforkulögunum.

## Rekstur

Hagnaður varð af rekstri Landsnets á árinu 2010 að fjárhæð 3.563 mkr. samkvæmt rekstrarreikningi á móti 1.471 mkr. hagnaði árið 2009. Rekstrarhagnaður fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 8.678 mkr. á móti 9.331 mkr. árið 2009. Rekstrarhagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði (EBIT) nam 6.137 mkr. á móti 6.951 mkr. árið 2009 og lækkaði því á milli ára.

Betri afkoma á árinu 2010 í samanburði við fyrra ár stafar að mestu af breytingum í fjármagnsliðum og felst aðallega í lægri verðbólgu á árinu 2010 og nettó gengishagnaði í stað nettó gengistaps árið áður. Heildarviðsnúningur vegna þeirra er 3.678 mkr. á milli ára.

Að teknu tilliti til tekjuskattsbreytingar á endurmat flutningskerfis er heildarhagnaður ársins samkvæmt yfirliti um heildarafkomu 3.300 mkr. á móti 1.047 mkr. árið 2009.

Rekstrartekjur námu 12.852 mkr. og þar af voru tekjur af flutningi 12.787 mkr. og aðrar tekjur 65 mkr. Rekstrartekjur lækkuðu um 442 mkr. á milli ára og skýrist sú lækkun að mestu af þeirri gjaldskrárlækkun sem varð til stórnotenda.

Rekstrargjöld námu 6.715 mkr. og hækkuðu um 372 mkr. á milli ára. Rekstrarkostnaður skiptist þannig að kostnaður vegna innkaupa á orku vegna flutningstapa og kerfisþjónustu nam 1.569 mkr., rekstrar- og stjórnunarkostnaður nam 2.251 mkr., afskriftir 2.541 mkr. og eignaleiga og gjaldfærðar skuldbindingar 354 mkr. Helsta hækkun rekstrargjalda liggur í afskriftum og skuldbindingum, en hækkun þeirra nam um 303 mkr. Almenn rekstrargjöld hækkuðu um 5,8% á milli ára.

Hrein fjármagnsgjöld ársins 2010 voru 1.951 mkr. á móti 5.629 mkr. árið 2009. Vaxtagjöld ársins 2010 voru 2.334 mkr. samanborið við 2.107 árið 2009.

Verðbætur 1.003 mkr. á móti 2.600 mkr. árið 2009. Gengismunur var jákvæður og nam 975 mkr. á móti 1.212 mkr. gengistapi árið 2009. Vaxtatekjur voru 147 mkr. á móti 157 mkr. árið 2009. Eignfærðir vextir voru 28 mkr. á móti 135 mkr. árið 2009.

## Efnahagur

Eignir námu alls 70.513 mkr. í árslok samanborið við 73.676 mkr. í lok fyrra árs. Eignir skiptust þannig að fastafjármunir námu 64.035 mkr. í árslok en til samanburðar námu fastafjármunir 65.313 mkr. í árslok 2009. Lækkun milli ára nemur 1.278 mkr. og skýrist af afskriftum umfram fjárfestingar. Af fastafjármunum námu fastafjármunir í rekstri 62.156 mkr. í árslok samanborið við 62.171 mkr. í lok fyrra árs. Veltufjármunir námu 6.478 mkr. í lok árs 2010 en veltufjármunir í árslok 2009 námu 8.362 mkr. Er það lækkun um 1.884 mkr. og munar þar um mest lækkun á handbæru fé eða 1.608 mkr.

Langtímaskuldir og skuldbindingar námu 56.403 mkr. í árslok en skammtímaskuldir 2.488 mkr. Til samanburðar námu langtímaskuldir 63.039 mkr. og skammtímaskuldir 2.315 mkr. í árslok 2009. Engar nýjar lántökur voru á árinu en hins vegar náðist að greiða nokkuð niður af skuldum félagsins ásamt því að afleiðusamningur félagsins var gerður upp á haustmánuðum. Heildarafborganir vegna þessa námu kr. 7.506 mkr.

Eigið fé í árslok 2010 nam 11.622 mkr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 5.903 mkr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í lok árs 2009 nam 8.322 mkr. Hlutfall eigin fjár af heildareignum nam 16,5% í árslok 2010 samanborið við 11,3% í lok árs 2009.

## Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 7.360 mkr. samanborið við 7.519 mkr. árið 2009. Handbært fé í árslok nam 4.256 mkr. og minnkaði um 1.608 mkr. á árinu. Fjárfestingahreyfingar námu 1.338 mkr. á móti 3.385 mkr. árið 2009. Greidd voru niður lán um 7.506 mkr. samanborið við 5.909 mkr. á fyrra ári. Engin ný lán voru tekin á árinu.

## Hagræðing í rekstri

Þegar litið er til þróunar rekstrarkostnaðar Landsnets á þeim sex árum, sem fyrirtækið hefur verið rekið, er ljóst að umtalsverð hagræðing hefur átt sér stað. Þetta kemur e.t.v. best í ljós á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir hvernig rekstrarkostnaður Landsnets á föstu meðalverðlagi síðasta árs hefur þróast með hliðsjón af þróun orkuflutningsmagns og bókfærðs virðis eignastofns fyrirtækisins. Stærðirnar hafa verið umreiknaðar til vísitölu, sem fær gildið 100 árið 2005.

**Þróun lykilstærða 2005–2010**




Meginniðurstaðan er sú að rekstrarkostnaður hefur svo til staðið í stað á meðan orkuflutningsmagn hefur tvöfaldast og eignastofninn stækkað um rúm 50%.

## Fjármögnun

Engin ný lán voru tekin á árinu 2010. Endurfjármögnun var óveruleg og fjárfestingaverkefni voru eingöngu fjármögnuð með handbæru fé frá rekstri. Á árinu 2010 voru greiddar niður skuldir félagsins sem að óbreyttu hefðu komið til greiðslu á næstu tveimur árum. Þannig hefur þörf félagsins til endurfjármögnunar á næstu árum verið minnkuð verulega. Í byrjun október var gengið frá uppgjöri á afleiðusamningi sem félagið var með hjá Kaupþingi.

Félagið er með veltilán í Bandaríkjadölum (USD) við móðurfélagið til ársloka 2012. Nam lánsheimildin á árinu 2010 USD 100 milljónum en í árslok var ádregin fjárhæð USD 29 milljónir sem jafngildir um 3,3 milljörðum króna. Í árslok 2010 lækkaði lánsheimildin í USD 50 milljónir og helst óbreytt út samningstímann.

Langtímaskuldir fyrirtækisins námu 92% af heildarskuldum félagsins í árslok. Af vaxtaberandi skuldum nema skuldir í ISK 81%, CHF 13% og USD 6%. Ekki er þörf á endurfjármögnun lána á árinu 2011.

## Fjárstýringarstefna

Hjá félaginu er í gildi fjárstýringarstefna. Í henni eru m.a. sett fram markmið við stýringu fjármálaáhættu, hlutverk, heimildir og viðmið. Stjórn fær reglulega upplýsingar um fjármálalega áhættuþætti en eftirlit með framkvæmd stýringar er í höndum Áhættunefndar.

Skilgreindir hafa verið helstu áhættuþættir en þeir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta og lausafjáráhætta. Álverð er ekki áhættuþáttur í rekstri Landsnets þar sem tekjur félagsins taka eingöngu mið af flutningsmagni og gildandi gjaldskrá, en hún tekur ekki mið af álverði.

Vaxtaáhætta – Vaxtaberandi skuldir eru mun hærri en vaxtaberandi eignir. Núverandi skuldir í ISK bera fasta vexti en á skuldum í erlendum gjaldmiðlum eru breytilegir vextir. Greiðsluáhætta vegna vaxta er fólgin í hækkun vaxta af vaxtaberandi skuldum með breytilega vexti. Hlutfall vaxtaberandi skulda með breytilega vexti er 19%.

Gengisáhætta – Félagið býr við gengisáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins, íslenskum krónum. Við stýringu gengisáhættu með tilliti til greiðsluáhættu skal leitast við að sveiflur í gengi hafi sem minnst áhrif á rekstrarafkomu félagsins og rekstraráætlanir þess. Þegar litið er á uppgjörsáhættu er meginregla fjárstýringarstefnunnar að varðveita eigið fé fyrirtækisins. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru USD og CHF.

Lausafjáráhætta – Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar á réttum tíma. Markmið Landsnets er að ráða yfir lausu fé í eignum eða samningsbundnum veltilánum sem nemur a.m.k. þriggja mánaða rekstrarkostnaði og afborgun lána og vaxta. Lausafjárstaða félagsins er sterk. Í árslok nam handbært fé 4.256 mkr. auk þess sem ónýttur hluti samningsbundins veltiláns nam USD 21 milljón á sama tíma, jafngildi 2.416 mkr. Í árslok nam lausafjárstaða því alls 6.672 mkr.

## Kennitölur og lykiltölur

| **Kennitölur** | **2010** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|---|
| Hagnaðarhlutfall rekstrar (EBIT) | 47,8% | 52,3% | 47,6% |
| Vaxtaþekja EBIT | 3,15 | 3,55 | 4,30 |
| | | | |
| Arðsemi eiginfjár | 42,8% | 20,2% | -107,7% |
| Eiginfjárhlutfall | 16,5% | 11,3% | 10,5% |
| | | | |
| Veltufjárhlutfall | 2,6 | 3,61 | 0,26 |
| Veltuhraði eigna | 0,18 | 0,18 | 0,16 |
| | | | |
| **Lykiltölur** | **2010** | **2009** | **2008** |
| | *Mkr.* | *Mkr.* | *Mkr.* |
| Hagnaður (-tap) | 3.563 | 1.471 | -12.780 |
| | | | |
| Handbært fé frá rekstri (Mkr.) | 7.360 | 7.519 | 5.760 |
| | | | |
| Heildareignir | 70.513 | 73.676 | 69.384 |
| Eigið fé | 11.622 | 8.322 | 7.275 |

# Ársreikningur

# 2010

# Efnisyfirlit


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ..... 42

Áritun óháðs endurskoðanda ..... 43

Rekstrarreikningur ..... 44

Yfirlit um heildarafkomu ..... 45

Efnahagsreikningur ..... 46

Eiginfjáryfirlit ..... 47

Sjóðstreymisyfirlit ..... 48

Skýringar ..... 49

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

**Almennt**
Landsnet hf. var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

**Rekstur ársins 2010**
Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins tæpum 3,6 milljörðum kr. og heildarafkoma ársins nam rúmum 3,3 milljörðum króna. Eigið fé félagsins í árslok var um 11,6 milljarðar kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í árslok 2010 skiptist á fjóra hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

| | Eignarhlutur |
|---|---|
| Landsvirkjun | 64,73% |
| Rarik ohf. | 22,51% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 6,78% |
| Orkubú Vestfjarða ohf. | 5,98% |

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010 og vísar til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé.

**Stjórnunarhættir**
Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins fundar reglulega með endurskoðendum félagsins.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2010.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2011.

Stjórn:

Friðrik Már Baldursson
Svana Helen Björnsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir

Forstjóri:
Þórður Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. febrúar 2011.

***KPMG ehf.***

Matthías Þór Óskarsson

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur af raforkuflutningi | 6 | 12.786.747 | 13.233.789 |
| Aðrar tekjur | 7 | 65.009 | 60.595 |
| | | 12.851.756 | 13.294.384 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkukaup og kerfisþjónusta | | 1.569.060 | 1.626.571 |
| Rekstur flutningskerfis | 8,9 | 3.581.300 | 3.282.830 |
| Kerfisstjórn | 8,9 | 815.552 | 640.432 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8,9 | 748.794 | 793.627 |
| | | 6.714.706 | 6.343.460 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 6.137.050 | 6.950.924 |
| Fjármunatekjur | | 1.121.405 | 157.093 |
| Fjármagnsgjöld | | (3.072.386) | (5.786.569) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 10 | (1.950.981) | (5.629.476) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | 13 | 8.851 | 9.162 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 4.194.920 | 1.330.610 |
| Tekjuskattur | 11 | (632.336) | 140.625 |
| **Hagnaður** | | 3.562.584 | 1.471.235 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 18 | 0,60 | 0,25 |

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Hagnaður** | | 3.562.584 | 1.471.235 |
| **Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé:** | | | |
| Áhrif tekjuskattsbreytingar á endurmat flutningskerfis | | ( 262.515) | ( 424.017) |
| **Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé samtals** | | ( 262.515) | ( 424.017) |
| **Heildarhagnaður ársins** | | 3.300.069 | 1.047.218 |

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fastafjármunir í rekstri | 12 | 62.155.955 | 62.171.360 |
| Flutningsvirki í byggingu | 12 | 425.541 | 1.612.157 |
| Óefnislegar eignir | 12 | 1.401.758 | 1.479.350 |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 13 | 51.667 | 50.558 |
| Fastafjármunir | | 64.034.921 | 65.313.425 |
| Birgðir | 14 | 499.251 | 483.285 |
| Eignir í sölu | 12 | 374.000 | 427.693 |
| Kröfur á móðurfélag | | 498.720 | 587.604 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 15 | 849.833 | 999.859 |
| Handbært fé | 16 | 4.255.901 | 5.863.874 |
| Veltufjármunir | | 6.477.705 | 8.362.315 |
| **Eignir samtals** | | 70.512.626 | 73.675.740 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 18 | 5.902.733 | 5.902.733 |
| Endurmatsreikningur | 18 | 12.863.228 | 13.709.886 |
| Ójafnað tap | | ( 7.143.909) | ( 11.290.636) |
| Eigið fé | | 11.622.052 | 8.321.983 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við móðurfélag | 20 | 42.136.902 | 47.180.690 |
| Aðrar langtímaskuldir | 20 | 12.115.701 | 12.003.482 |
| Afleiðusamningar | 22 | 0 | 2.769.177 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 19 | 1.397.656 | 502.804 |
| Aðrar skuldbindingar | 21 | 752.523 | 582.404 |
| Langtímaskuldir | | 56.402.782 | 63.038.557 |
| Skuldir við móðurfélag | | 1.297.882 | 1.241.102 |
| Næsta árs afborganir | | 119.067 | 110.446 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 24 | 1.070.843 | 963.652 |
| Skammtímaskuldir | | 2.487.792 | 2.315.200 |
| Skuldir samtals | | 58.890.574 | 65.353.757 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 70.512.626 | 73.675.740 |

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Eiginfjáryfirlit ársins 2010

| | Hlutafé | Endurmats-reikningur | Ójafnað tap | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 2009:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2009 | 5.902.733 | 14.743.274 | ( 13.371.242 ) | 7.274.765 |
| Hagnaður ársins | | | 1.471.235 | 1.471.235 |
| Breyting á skatthlutfalli endurmats | | ( 424.017 ) | | ( 424.017 ) |
| Heildarhagnaður ársins | | ( 424.017 ) | 1.471.235 | 1.047.218 |
| Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað tap | | ( 609.371 ) | 609.371 | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2009 | 5.902.733 | 13.709.886 | ( 11.290.636 ) | 8.321.983 |
| **Árið 2010:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2010 | 5.902.733 | 13.709.886 | ( 11.290.636 ) | 8.321.983 |
| Hagnaður ársins | | | 3.562.584 | 3.562.584 |
| Breyting á skatthlutfalli endurmats | | ( 262.515 ) | | ( 262.515 ) |
| Heildarhagnaður ársins | | ( 262.515 ) | 3.562.584 | 3.300.069 |
| Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað tap | | ( 584.143 ) | 584.143 | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2010 | 5.902.733 | 12.863.228 | ( 7.143.909 ) | 11.622.052 |

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 6.137.050 | 6.950.924 |
| Afskriftir | | 2.541.336 | 2.380.139 |
| (Söluhagnaður) sölutap fastafjármuna | | (1.016) | 1.379 |
| Virðisrýrnun eigna í sölumeðferð | | 44.597 | 0 |
| Skuldbinding vegna niðurrifs, breyting | | 203.622 | 61.482 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | | 8.925.589 | 9.393.924 |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun) | | 95.438 | (143.532) |
| Rekstrartengdar skuldir, lækkun | | 142.315 | 67.860 |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | | 9.163.342 | 9.318.252 |
| Innborgaðir vextir | | 146.880 | 157.093 |
| Greiddir vextir og gengismunur | | (1.949.853) | (1.956.438) |
| Handbært fé frá rekstri | | 7.360.369 | 7.518.907 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í flutningsvirkjum | 12 | (1.015.273) | (2.172.717) |
| Aðrar fjárfestingar | 12 | (271.214) | (950.234) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 1.373 | 0 |
| Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélagi | | 7.742 | 7.436 |
| Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun | | (60.358) | (269.288) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (1.337.730) | (3.384.803) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við móðurfélag, breyting | | (5.756.880) | (5.908.690) |
| Tekin langtímalán | | 0 | 4.874.569 |
| Afborganir langtímalána og skuldbindinga | | (1.749.333) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (7.506.213) | (1.034.121) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (1.483.574) | 3.099.983 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | (124.399) | 63.210 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 5.863.874 | 2.700.681 |
| **Handbært fé í árslok** | | 4.255.901 | 5.863.874 |

Skýringar nr. 1 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Efnisyfirlit skýringa


| | bls. |
|---|---|
| 1. Félagið | 50 |
| 2. Grundvöllur reikningsskilanna | 50 |
| 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir | 50 |
| 4. Ákvörðun gangvirðis | 57 |
| 5. Stýring fjármálalegrar áhættu | 58 |
| 6. Rekstrartekjur | 60 |
| 7. Aðrar tekjur | 60 |
| 8. Laun og launatengd gjöld | 60 |
| 9. Afskriftir | 60 |
| 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 61 |
| 11. Tekjuskattur | 61 |
| 12. Rekstrarfjármunir | 62 |
| 13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeild.fél. | 64 |
| 14. Birgðir | 64 |
| 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 64 |
| 16. Handbært fé | 64 |
| 17. Eigið fé | 65 |
| 18. Hagnaður á hlut | 65 |
| 19. Tekjuskattsskuldbinding | 65 |
| 20. Vaxtaberandi skuldir | 66 |
| 21. Skuldbinding vegna niðurrifs | 67 |
| 22. Afleiðusamningar | 67 |
| 23. Lífeyrisskuldbinding | 67 |
| 24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 67 |
| 25. Fjármálagerningar | 68 |
| 26. Rekstrarleiga | 71 |
| 27. Óvissa | 72 |
| 28. Tengdir aðilar | 72 |
| 29. Kennitölur | 73 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er ársreikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 24. febrúar 2011.

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til.

### b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði, sem var gangvirði þess á endurmatsdegi í árslok 2008.
- Afleiðusamningar eru metnir á gangvirði.
- Fjármálagerningar á gangvirði í gegnum rekstrareikning eru færðir á gangvirði.

Nánar er fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringa nr. 3c og 12- fastafjármunir í rekstri
- Skýringar nr. 3d og 12- óefnislegar eignir
- Skýring nr. 3l (i) og 21 - mat skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar
- Skýring nr. 19 - tekjuskattur

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

### b. Fjármálagerningar

#### (i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í eignarhlutum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar félagsins sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og markaðsverðbréfum.

Í skýringu 3(o) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

#### (ii) Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

#### (iii) Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

#### (iv) Afleiðusamningar

Félagið leitast við að nota afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldmiðla- og vaxtaáhættu.

Félagið hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að stýra gengis- og vaxtaáhættu félagsins. Áhættuvarnareikningsskilum er ekki beitt. Gangvirðisbreytingar af slíkum afleiðum eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

#### (v) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé.

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### c. Rekstrarfjármunir

#### (i) Fastafjármunir í rekstri

Fastafjármunir í rekstri aðrir en línur og tengivirki eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Kostnaðarverð eigna sem félagið hefur sjálft skapað innifelur efniskostnað, beinan launakostnað og annan beinan kostnað við að koma eignunum í tekjuöflunarhæft ástand með hliðsjón af væntri notkun þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru staðsettar.

Þegar einstakir hlutir rekstarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma, þá eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmat þessara eigna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti og þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna m.a vegna utanaðkomandi þátta. Allar verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Línur og tengivirki voru síðast endurmetin í árslok 2008.

#### (ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins.

#### (iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru skilgreindir rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

#### (iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### (v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tengivirki | 20 - 40 ár |
| Háspennulínur | 20 - 50 ár |
| Ljósleiðarar | 20 ár |
| Fasteignir | 50 ár |
| Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir | 4-10 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

# Skýringar, frh.:

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**d. Óefnislegar eignir**

**(i) Undirbúningskostnaður**

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Félagið hefur samið um að verði ekki af framkvæmdum, beri væntanlegir raforkukaupendur útlagðan kostnað vegna þessarar vinnu. Ekki er eignfærður fjármagnskostnaður vegna undirbúningskostnaðar. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í skýringu 3i.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna flutningsmannvirkisins eignfærður meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem flutningsmannvirki í byggingu.

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna og færð virðisrýrnun ef talið er að forsendur eignfærslu séu ekki enn til staðar.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

**(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir**

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

**(iii) Afskriftir**

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Nýtingartími hugbúnaðar er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Hugbúnaður ..... | 4 ár |

**e. Eignarhlutur í dótturfélagi**

Félagið á eitt dótturfélag, Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun.

**f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi**

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikningnum með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

**g. Birgðir**

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og ónýtra birgða. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

**h. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### i. Virðisrýrnun

#### (i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Virði fjáreignar telst hafa rýrnað ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað bendi til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

#### (ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum og reiknaðri skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

### j. Hlunnindi starfsmanna

#### (i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

#### (ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

### k. Hlutafé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færðir til lækkunar á heildar eigin fé.

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### l. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

#### (i) Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfróðra aðila. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Áætlaður niðurrifskostnaður er núvirtur með nafnávöxtun óverðtryggðra ríkisverðbréfa, um 5,9% miðað við árslok 2010.

### m. Tekjur

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Gjaldskrá félagsins er háð umsögn Orkustofnunar. Á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 setur Orkustofnun félaginu árlega tekjumörk vegna kostnaðar við flutning raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Í 12. grein raforkulaganna kemur meðal annars fram:

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til þess hvort tenging stórnotenda leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins en ella væri.
Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarka. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára. Í reglugerð skal kveðið á um takmörk heimilda til uppsöfnunar réttinda.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 2. mgr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri fyrirtækisins skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun.

Gjaldskrá félagsins er tvískipt annars vegar í íslenskum krónum (ISK) og hins vegar í bandarískum dollurum (USD).

# Skýringar, frh.:

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

### n. Leigugreiðslur

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

### o. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður eru færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

### p. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Reiknuð skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Hlutfall tekjuskatts félagsins verður 20% frá 1. janúar 2011 og hefur verið tekið tillit til þeirrar hækkunar í ársreikningnum.

### q. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

### r. Starfsþáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og því er ekki gert starfsþáttayfirlit.

# Skýringar, frh.:

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**s. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim**

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2010 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2010, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

**4. Ákvörðun gangvirðis**

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

**a. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

**b. Afleiður**

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru notaðir allir þættir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggjast eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á afvöxtuðu framtíðargreiðsluflæði grundvallað á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

**c. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður**

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

# Skýringar, frh.:

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu

### Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálalegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utankomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

**Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Mótaðilaáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Um 85% (2009: 87%) af flutningstekjum félagsins verða til vegna viðskipta við hluthafa félagsins.

Almennt eru viðskiptamenn félagsins fjárhagslega sterk orkufyrirtæki sem átt hafa viðskipti við félagið frá stofnun. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Frá stofnun Landsnets hefur félagið ekki tapað viðskiptakröfum og hafa forsvarsmenn þess metið lánsáhættu óverulega miðað við núverandi starfsemi. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

### Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Félagið er með veltilán við móðurfélag sitt, Landsvirkjun og nam lánsheimildin á árinu allt að 100 milljónum USD en í árslok voru nýttar 29 milljónir USD af lánsheimildinni. Í árslok 2010 lækkaði heimildin í 50 milljónir USD.

### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Félagið leitast við að gera vaxta- og gjaldeyrisskiptasamninga til að stýra markaðsáhættu félagsins og laga hana að myntsamsetningu tekna félagsins.

# Skýringar, frh.:

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

**Gjaldmiðlagengisáhætta**

Félagið býr við gengisáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur en hluti tekna félagsins er í bandarískum dollurum (USD) eða um 64,5% (2009; 65,1%) og hluti innkaupa í öðrum myntum en íslenskri krónu. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru bandarískir dollarar (USD) og evra (EUR).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum, einkum bandarískum dollurum (USD) og svissneskum frönkum (CHF) myndar gengisáhættu sem er að hluta til varin með tekjuflæði félagsins. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

**Vaxtaáhætta**

Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum og föstum vöxtum. Stærstur hluti lána félagsins ber fasta innlenda vexti samanber skýringu nr. 20.

**Önnur markaðsáhætta**

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

**Eiginfjárstýring**

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 20% eiginfjárhlutfall.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

# Skýringar, frh.:

## 6. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Orkuflutningur | 11.261.469 | 11.438.387 |
| Flutningstap og kerfisþjónusta | 1.419.108 | 1.701.952 |
| Þjónustutekjur og jöfnunarorka | 24.137 | 15.767 |
| Innmötunargjald | 82.033 | 77.683 |
| | 12.786.747 | 13.233.789 |

## 7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Verksölu- og húsaleigutekjur | 63.993 | 60.595 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 1.016 | 0 |
| | 65.009 | 60.595 |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 892.422 | 822.727 |
| Iðgjaldatengdar lifeyrisgreiðslur | 97.922 | 95.548 |
| Réttindatengdar lífeyrisgreiðslur | 17.902 | 21.058 |
| Önnur launatengd gjöld | 102.835 | 75.426 |
| | 1.111.081 | 1.014.759 |

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstur flutningskerfis | 431.502 | 402.471 |
| Kerfisstjórn | 388.926 | 348.230 |
| Annar rekstrarkostnaður | 290.653 | 264.058 |
| | 1.111.081 | 1.014.759 |

| | | |
|---|---|---|
| Stöðugildi að meðaltali | 102 | 99 |
| Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf | 95 | 93 |

Laun stjórnar, forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Laun stjórnar | 5.066 | 5.040 |
| Laun og hlunnindi forstjóra | 15.145 | 19.827 |
| Laun og hlunnindi tveggja framkvæmdastjóra | 32.728 | 32.760 |

## 9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 12. skýringu | 2.395.282 | 2.271.781 |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. 12. skýringu | 146.054 | 108.358 |
| Afskriftir færðar í rekstrarreikning | 2.541.336 | 2.380.139 |

# Skýringar, frh.:

## 9. Afskriftir, frh.:

| Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Rekstur flutningskerfis | 2.352.942 | 2.188.541 |
| Kerfisstjórn | 44.024 | 70.568 |
| Annar rekstrarkostnaður | 144.370 | 121.030 |
| Afskriftir færðar í rekstrarreikning | 2.541.336 | 2.380.139 |

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 146.880 | 157.093 |
| Gengismunur | 974.525 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | 1.121.405 | 157.093 |
| Vaxtagjöld | ( 2.334.422) | ( 2.107.495) |
| Verðbætur | ( 1.002.536) | ( 2.599.908) |
| Gengismunur | 0 | ( 1.211.693) |
| Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga | 236.644 | ( 3.017) |
| Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu | 27.928 | 135.544 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 3.072.386) | ( 5.786.569) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 1.950.981) | ( 5.629.476) |

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 28 millj. kr. (2009: 136 millj.kr.), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 5,3% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2009: 7,7%). Um er að ræða meðal fjármagnskostnað félagsins á árinu.

## 11. Tekjuskattur

| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur ársins | ( 755.086) | ( 199.591) |
| Áhrif breytinga tekjuskattshlutfalls | 122.750 | 340.216 |
| Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi | ( 632.336) | 140.625 |
| **Tekjuskattur færður á eigin fé:** | | |
| Áhrif tekjuskattshækkunar á tekjuskattskuldbindingu vegna endurmats | ( 262.515) | ( 424.017) |
| Samtals | ( 894.851) | ( 283.392) |
| **Breyting reiknaðrar skatteignar/skattskuldbindingar greinist þannig:** | | |
| Breyting á tímabundnum mismun | 122.306 | 248.195 |
| Breyting á yfirfæranlegu tapi | ( 877.391) | ( 447.786) |
| Áhrif breytingar tekjuskattsprósentu | ( 139.766) | ( 83.801) |
| Breyting reiknaðrar skattskuldbindingar | ( 894.851) | ( 283.392) |

# Skýringar, frh.:

## 11. Tekjuskattur, frh.:

| | | 2010 | | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| **Afstemming á virku skatthlutfalli** | | | | |
| Hagnaður án tekjuskatts | | 4.194.920 | | 1.330.610 |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 18,0% | ( 755.086) | 15,0% | ( 199.592) |
| Mismunur v/ breytinga á skatthlutfalli | ( 2,9%) | 122.750 | ( 25,6%) | 340.216 |
| Virkur tekjuskattur | 15,1% | ( 632.336) | ( 10,6%) | 140.625 |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

**Fastafjármunir í rekstri:**

| | Tengivirki | Háspennulínur og ljósleiðarar | Aðrir fastafjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða 1.1.2009 | 20.003.534 | 44.638.319 | 2.697.794 | 67.339.647 |
| Viðbætur á árinu | 325.651 | 173.454 | 485.018 | 984.123 |
| Flutt af flutningsvirkjum í byggingu | 1.500.466 | 982.123 | 0 | 2.482.589 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 2.014) | ( 2.014) |
| Flutt á eignir í sölumeðferð | 0 | 0 | ( 427.693) | ( 427.693) |
| Staða 31.12.2009 | 21.829.651 | 45.793.896 | 2.753.105 | 70.376.652 |
| Viðbætur á árinu | 201.071 | 240.960 | 141.221 | 583.252 |
| Flutt af flutningsvirkjum í byggingu | 235.504 | 1.552.384 | 0 | 1.787.888 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 986) | ( 986) |
| Áhrif eigna til sölu | 0 | 0 | 9.095 | 9.095 |
| Staða 31.12.2010 | 22.266.226 | 47.587.240 | 2.902.435 | 72.755.901 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Staða 1.1.2009 | 1.808.856 | 3.804.771 | 320.517 | 5.934.144 |
| Afskriftir ársins | 708.528 | 1.422.169 | 141.084 | 2.271.781 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 634) | ( 634) |
| Staða 31.12.2009 | 2.517.384 | 5.226.940 | 460.967 | 8.205.291 |
| Afskriftir ársins | 746.592 | 1.509.976 | 138.714 | 2.395.282 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 628) | ( 628) |
| Staða 31.12.2010 | 3.263.976 | 6.736.916 | 599.053 | 10.599.945 |

Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2009 | 18.194.678 | 40.833.548 | 2.377.277 | 61.405.503 |
| 31.12.2009 | 19.312.267 | 40.566.956 | 2.292.138 | 62.171.360 |
| 31.12.2010 | 19.002.250 | 40.850.324 | 2.303.382 | 62.155.955 |

# Skýringar, frh.:

## 12. Rekstrarfjármunir, frh.:

**Forsendur endurmats fastafjármuna í rekstri**

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Á árinu 2008 var endurmat á þessum eignum síðast framkvæmt. Við endurmatið var beitt tvenns konar aðferðafræði. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbyggingarvirðis flutningskerfisins en það var metið af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2008 og framreiknað til ársloka 2008. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2009 til 2013 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins 2008 byggðist á rekstrarvirði og voru helstu forsendur þess rekstraráætlanir félagsins 2009-2013, eiginfjárhlutfall 30%, gjaldskrá Landsnets fyrir flutning til dreifiveita fylgdi verðlagsþróun á Íslandi, en að gjaldskrá félagsins fyrir flutning til stórnotenda fylgi verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum og við mat á WACC var tekið mið af sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2010.

Ef félagið hefði ekki endurmetið línur og tengivirki á árinu 2008 hefði bókfært verð sömu eigna verið um 15,9 milljörðum króna lægra í árslok 2010 (2009: 16,7 milljarðar kr.).

**Eignir í sölu**

Félagið setti fasteign sína við Bústaðaveg sem áður hýsti m.a stjórnstöð félagsins í sölu í árslok 2010. Fasteignin var seld í janúar 2011 og er hún bókfærð á söluverði að frádregnum sölukostnaði.

**Fasteignamat og vátryggingarverð**

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 3,0 milljörðum króna. Brunabótamat sömu eigna nemur um 5,1 milljarði króna og bókfært verð 4,5 milljörðum króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu nemur 36,2 milljörðum króna. Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 91,3 milljarðar króna.

| **Óefnislegar eignir og flutningsvirki í byggingu:** | **Flutn.virki í byggingu** | **Óefnislegar eignir** |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1.1.2009 | 1.781.611 | 1.782.087 |
| Viðbætur á árinu | 1.718.812 | 465.217 |
| Flutt á fastafjármuni í rekstri | ( 1.888.265) | ( 594.323) |
| Staða 31.12.2009 | 1.612.158 | 1.652.981 |
| Viðbætur á árinu | 539.741 | 129.991 |
| Flutt á fastafjármuni í rekstri | ( 1.726.358) | ( 61.529) |
| Staða 31.12.2010 | 425.541 | 1.721.443 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | |
| Staða 1.1.2009 | 0 | 65.273 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ársins | 0 | 108.358 |
| Staða 31.12.2009 | 0 | 173.631 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ársins | 0 | 146.054 |
| Staða 31.12.2010 | 0 | 319.685 |
| **Bókfært verð** | | |
| 1.1.2009 | 1.781.611 | 1.716.814 |
| 31.12.2009 | 1.612.158 | 1.479.350 |
| 31.12.2010 | 425.541 | 1.401.758 |

# Skýringar, frh.:

## 12. Rekstrarfjármunir, frh.:

Bókfært verð óefnislegra eigna í árslok 2010 skiptist þannig að hugbúnaður er bókfærður á 189 millj. kr. (2009: 247 millj. kr.) og eignfærður undirbúningskostnaður er bókfærður á 1.213 millj. kr. (2009:1.232 millj. kr.).

Afskriftir og virðisrýrnun ársins 2010 skiptast í afskriftir af hugbúnaði 64 millj. kr. og virðisrýrnun undirbúningskostnaðar 82 millj. kr. Virðisrýrnun undirbúningskostnaðar er færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

## 13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | 31.12.2010 | | 31.12.2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Bókfært verð | Eignarhlutur | Bókfært verð |
| Landsnet ehf. | 100,00% | 500 | 100,00% | 500 |
| Netorka ehf. | 36,50% | 51.167 | 37,18% | 50.058 |
| Eignarhlutir í félögum samtals | | 51.667 | | 50.558 |

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði þar sem óverulegur rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun. Við gerð ársreiknings Landsnets hf. lá ársreikningur Netorku ehf. ekki fyrir en áætluð hlutdeild félagsins í afkomu Netorku ehf. er jákvæð um 9 millj. kr. á árinu 2010 (2009: jákvæð um 9 millj. kr.)

## 14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Varahlutir og efnisbirgðir | 499.251 | 483.285 |

Engin almenn niðurfærsla er færð vegna birgða félagsins.

## 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 807.150 | 815.472 |
| Aðrar skammtímakröfur | 42.683 | 184.387 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 849.833 | 999.859 |

## 16. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Óbundnar innstæður | 3.658.587 | 5.863.874 |
| Markaðsverðbréf | 597.314 | 0 |
| Handbært fé samtals | 4.255.901 | 5.863.874 |

# Skýringar, frh.:

## 17. Eigið fé

### Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

### Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað tap.

### Arður

Félagið greiddi ekki út arð á árinu 2010 vegna rekstrarárins 2009 né á árinu 2009 vegna rekstrarársins 2008. Ekki liggur fyrir tillaga um arðgreiðslur til hluthafa á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010.

## 18. Hagnaður á hlut

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| **Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:** | | |
| Hagnaður til hluthafa | 3.562.584 | 1.471.235 |
| **Vegið meðaltal hlutabréfa** | | |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta í árslok | 5.902.733 | 5.902.733 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 0,60 | 0,25 |

## 19. Tekjuskattskuldbinding

Í desember síðastliðnum samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2012. Áhrif þessa hafa verið færð í reikningsskil ársins 2010 og nemur hækkun tekjuskattsskuldbindingar 139,8 millj. kr.

| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig: | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding 1. janúar | 502.804 | 219.411 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikningi | 632.336 | (140.625) |
| Áhrif tekjuskattsbreytinga á áður fært endurmat flutningskerfis | 262.515 | 424.018 |
| Reiknuð skattskuldbinding 31. desember | 1.397.656 | 502.804 |

| Reiknuð tekjuskattskuldbinding greinist þannig í árslok: | | |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.130.833 | 3.000.473 |
| Óefnislegar eignir | 131.702 | 90.473 |
| Eignarhlutir í félögum | 3.969 | 1.979 |
| Aðrar skuldbindingar | (103.547) | (123.959) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | (1.765.301) | (2.466.162) |
| Reiknuð tekjuskattskuldbinding 31. desember | 1.397.656 | 502.804 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nemur 8,8 milljörðum króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og áunnið yfirfæranlegt skattaleg tap muni nýtast að fullu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2010 verður nýtanlegt sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018 | 8.826.507 | 13.700.902 |
| Ójafnað skattalegt tap samtals | 8.826.507 | 13.700.902 |

# Skýringar, frh.:

## 20. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

| Langtímaskuldir | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir 4,21% | 38.800.453 | 37.813.190 |
| Lánasamningur við móðurfélag í bandaríkjadölum (USD), Libor + álag | 3.336.450 | 9.367.500 |
| Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor + álag | 7.203.755 | 7.107.049 |
| Verðtryggð skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir 5% | 5.031.012 | 5.006.879 |
| | 54.371.670 | 59.294.618 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 119.067) | ( 110.446) |
| | 54.252.603 | 59.184.172 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Skammtímalán frá móðurfélagi | 1.297.882 | 1.241.102 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 55.669.552 | 60.535.720 |

Skuldabréfalán frá móðurfélagi er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Verðtryggð skuldabréfalán frá þriðja aðila eru jafngreiðslubréf til 25 ára. Lánasamningur við móðurfélag er í bandaríkjadölum til þriggja ára og nam lánsheimildin á árinu USD 100 millj. og eru nýttar af því USD 29 millj. Lánsheimildin lækkar í USD 50 millj. frá og með árslokum 2010.

### Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

| | | 31.12.2010 | | 31.12.2009 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lokagjalddagi | Vextir | Bókfært verð | Vextir | Bókfært verð |
| Skuldir í CHF | 2022 | 0,46% | 7.203.755 | 0,65% | 7.107.049 |
| Skuldir í USD | 2012 | 3,79% | 3.336.450 | 3,77% | 9.367.500 |
| | | | 10.540.205 | | 16.474.549 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | | | | |
| Verðtryggðar | 2020 - 2034 | 4,21 - 5% | 43.831.465 | | 42.820.069 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | | | 54.371.670 | | 59.294.618 |
| Næsta árs afborganir | | | ( 119.067) | | ( 110.446) |
| Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals | | | 54.252.603 | | 59.184.172 |

| Afborganir greinast þannig á næstu ár: | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Árið 2010 | - | 110.446 |
| Árið 2011 | 119.067 | 740.538 |
| Árið 2012 | 3.821.733 | 9.220.265 |
| Árið 2013 | 851.804 | 838.789 |
| Árið 2014 | 858.457 | 845.273 |
| Árið 2015 | 865.448 | - |
| Síðar | 47.855.161 | 47.539.307 |
| | 54.371.670 | 59.294.618 |

# Skýringar, frh.:

## 21. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 582.404 | 475.722 |
| Bakfærsla núvirðingar á árinu | 203.622 | 61.482 |
| (Lækkun) hækkun skuldbindingar | ( 33.503) | 45.200 |
| Staða í árslok | 752.523 | 582.404 |

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

## 22. Afleiðusamningar

Félagið gerði afleiðusamning við Kaupþing banka hf., sem yfirtekinn var af skilanefnd í október 2008. Samkvæmt 1. tl. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf), dags. 21. október 2008, fluttust réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum ekki yfir til nýja bankans. Þann 3. október 2010 var undirritað samkomulag um fullnaðaruppgjör á samningnum. Áhrif af uppgjöri samningsins eru færð meðal gangvirðisbreytinga afleiðusamninga í ársreikningnum.

## 23. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á árinu 2010 eru gjaldfærðar 18 millj. kr. vegna þessa (2009: 18 millj. kr.).

## 24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 843.715 | 746.092 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 227.128 | 217.560 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.070.843 | 963.652 |

# Skýringar, frh.:

## 25. Fjármálagerningar

### Mótaðilaáhætta

**Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu**

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | | |
|---|---|---|
| Kröfur á móðurfélag | 498.720 | 587.604 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 849.833 | 999.859 |
| Handbært fé | 4.255.901 | 5.863.874 |
| | 5.604.454 | 7.451.337 |

### Mótaðilaáhætta

**Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu**

Mikilvægustu viðskiptamenn félagsins eru innlend orkufyrirtæki. Í árslok námu kröfur á þau 1.495 millj. kr. að meðtalinni kröfu á móðurfélagið Landsvirkjun, að fjárhæð 499 millj. kr. að teknu tillit til skuldar félagsins við móðurfélagið í árslok 2010.

***Virðisrýrnun***

Engin virðisrýrnun er færð vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggir það á mati og reynslu stjórnenda.

**Lausafjáráhætta**

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

| **31. desember 2010** | **Bókfært verð** | **Samnings-bundið sjóðstreymi** | **Innan ársins** | **1-2 ár** | **2-5 ár** | **Eftir 5 ár** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Skuldir við móðurfélag | 43.434.784 | 58.882.712 | 1.848.071 | 5.166.196 | 4.900.497 | 46.967.948 |
| Langtímask. | 12.234.768 | 16.252.621 | 409.083 | 769.457 | 3.370.997 | 11.703.084 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. | 1.070.843 | 1.070.843 | 1.070.843 | 0 | 0 | 0 |
| | 56.740.395 | 76.206.176 | 3.327.997 | 5.935.653 | 8.271.494 | 58.671.032 |

| **31. desember 2009** | **Bókfært verð** | **Samnings-bundið sjóðstreymi** | **Innan ársins** | **1-2 ár** | **2-5 ár** | **Eftir 5 ár** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Skuldir við móðurfélag | 48.421.792 | 65.747.113 | 1.937.528 | 1.947.393 | 14.497.390 | 47.364.802 |
| Langtímask. | 12.113.928 | 16.439.853 | 422.238 | 412.255 | 3.002.369 | 12.602.991 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. | 963.652 | 963.652 | 963.652 | 0 | 0 | 0 |
| | 61.499.372 | 83.150.618 | 3.323.418 | 2.359.648 | 17.499.759 | 59.967.793 |

# Skýringar, frh.:

## 25. Fjármálagerningar, frh.:

**Gjaldmiðlagengisáhætta**

Áhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum:

| | EUR | CHF | USD |
|---|---|---|---|
| **31. desember 2010** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 23.867 | 931.145 |
| Skuld við móðurfélag | | | ( 3.336.450) |
| Aðrar langtímaskuldir | | ( 7.203.755) | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | ( 35.196 ) | ( 35.224) | ( 1.977) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | ( 35.196 ) | ( 7.215.112) | ( 2.407.282) |

Á árinu 2010 er voru 64,5% heildartekna félagsins í bandarískum dollurum (USD) en innkaup aðallega í íslenskum krónum (ISK) og evrum (EUR). Á árinu 2011 er áætlað að 63% heildartekna félagsins verði í bandarískum dollurum.

| | EUR | CHF | USD |
|---|---|---|---|
| **31. desember 2009** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | | 1.259.939 |
| Skuld við móðurfélag | | | ( 9.367.500) |
| Aðrar langtímaskuldir | | ( 7.107.049) | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | ( 10.161) | | |
| Áhætta í efnahagsreikningi | ( 10.161) | ( 7.107.049) | ( 8.107.561) |

| | Meðalgengi | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2010 | 2009 | 2010 | 2009 |
| **Gjaldmiðlaáhætta** | | | | |
| EUR | 161,89 | 172,67 | 153,80 | 179,88 |
| CHF | 117,24 | 114,32 | 122,91 | 121,26 |
| USD | 122,04 | 123,59 | 115,05 | 124,90 |

**Næmnigreining**

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2009.

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| EUR | 2.886 | 833 |
| CHF | 591.639 | 582.778 |
| USD | 197.397 | 664.820 |

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

# Skýringar, frh.:

## 25. Fjármálagerningar, frh.:

**Vaxtaáhætta**

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

| | Bókfært verð | |
|---|---|---|
| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
| **Fjármálagerningar með breytilega vexti** | | |
| Fjárskuldir | 10.540.205 | 16.474.549 |
| **Fjármálagerningar með fasta vexti** | | |
| Fjárskuldir | 43.831.464 | 42.823.069 |

**Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti**

Skuldir félagsins sem eru með fasta vextir eru annars vegar kúlulán með einni afborgun árið 2020 við móðurfélag félagsins og hins vegar jafngreiðslu skuldabréfalán til 25 ára. Þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrift á rekstrareikning félagsins.

**Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti**

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um neðangreindar fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breyttur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2009.

| | Afkoma | |
|---|---|---|
| | 100 punkta hækkun | 100 punkta lækkun |
| **31. desember 2010** | | |
| Fjármálagerningar með breytilega vexti | ( 110.760) | 83.255 |
| Næmni sjóðstreymis (nettó) | ( 110.760) | 83.255 |
| **31. desember 2009** | | |
| Fjármálagerningar með breytilega vexti | ( 285.060) | 284.462 |
| Næmni sjóðstreymis (nettó) | ( 285.060) | 284.462 |

**Gangvirði**

**Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði**

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 31.12.2010 | | 31.12.2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Lán og kröfur | 1.348.553 | 1.348.553 | 1.587.463 | 1.587.463 |
| Handbært fé | 4.225.901 | 4.225.901 | 5.863.874 | 5.863.874 |
| Skuldir við móðurfélag, langtíma | 42.136.902 | 47.892.714 | 47.180.690 | 50.352.953 |
| Afleiðusamningur, skuld | 0 | 0 | 2.769.177 | 2.769.177 |
| Aðrar langtímaskuldir | 12.115.701 | 12.937.796 | 12.003.482 | 12.966.931 |
| Skuldir við móðurfélag, skammtíma | 1.297.882 | 1.297.882 | 1.241.102 | 1.241.102 |
| Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir | 1.070.843 | 1.070.843 | 963.652 | 963.652 |
| | 62.195.782 | 68.773.690 | 71.609.440 | 75.745.152 |

# Skýringar, frh.:

## 25. Fjármálagerningar, frh.:

### Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4% álags á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt.

**Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda**

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra (fyrir utan áfallna vexti).

| | Fjáreignir og fjársk. gangvirði | Fjáreignir til sölu | Lán og kröfur | Bókfært virði |
|---|---|---|---|---|
| **31. desember 2010** | | | | |
| Kröfur á móðurfélag | | | 498.720 | 498.720 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammt.kr. | | | 849.833 | 849.833 |
| Handbært fé | 597.314 | | 3.658.587 | 4.255.901 |
| | 597.314 | 0 | 5.007.140 | 5.604.454 |
| Skuldir við móðurfélag | | | 42.136.902 | 42.136.902 |
| Viðskiptask og aðrar skammtímask. | | | 1.070.843 | 1.070.843 |
| | 0 | 0 | 43.207.745 | 43.207.745 |
| **31. desember 2009** | | | | |
| Kröfur á móðurfélag | | | 587.604 | 587.604 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammt.kr. | | | 999.859 | 999.859 |
| Handbært fé | | | 5.863.874 | 5.863.874 |
| | 0 | 0 | 7.451.337 | 7.451.337 |
| Skuldir við móðurfélag | | | 47.180.690 | 47.180.690 |
| Afleiðusamningar | | | 2.769.177 | 2.769.177 |
| Viðskiptask og aðrar skammtímask | | | 963.652 | 963.652 |
| | 0 | 0 | 50.913.519 | 50.913.519 |

## 26. Rekstrarleiga

### Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar. Á árinu 2010 námu leigugreiðslur um 150 millj. kr.

# Skýringar, frh.:

## 27. Óvissa

Samkvæmt gildandi raforkulögum eru Landsneti sett tekjumörk til þriggja ára í senn. Þau eru sett af Orkustofnun sem einnig fer með eftirlitshlutverk gagnvart félaginu. Í árslok 2006 setti Orkustofnun Landsneti tekjumörk fyrir árin 2007 til 2009 sem byggjast á rekstrar- og stjórnunarkostnaði áranna 2004 og 2005. Tekjumörk áranna 2010 – 2012 hafa enn ekki verið ákvörðuð af Orkustofnun. Unnið hefur verið að uppgjöri tekjumarka fyrir árin 2006 – 2009 og úrlausn ágreiningsmála er þau varða. Sú vinna er á lokastigi og hefur Landsnet lagt inn uppgjör til Orkustofnunar til ákvörðunar og má vænta niðurstöðu á fyrri hluta árs 2011 sem samkvæmt núgildandi raforkulögum mun hafa áhrif á gjaldskrá félagsins frá þeim tíma.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp að breytingu á Raforkulögum nr. 65/2003 en samkvæmt því er lögð til grundvallarbreyting á ákvörðun tekjumarka til stórnotenda. Á árinu 2007 var gjaldskrá stórnotenda sett i USD en eignagrunni var haldið í íslenskum krónum. Í framhaldi af efnahagshruninu og falli íslensku krónunnar jukust tekjur af stórnotendum í takt við breytt gengi USD og myndaðist við það misvægi í samanburði við sett tekjumörk. Með því að grundvalla setningu tekjumarka til stórnotenda í sömu mynt og gjaldskráin er sett fram í er unnið gegn því að slíkt misræmi geti skapast.

Í samræmi við ákvæði 12. gr. raforkulaga 2003 nr. 65 ber félaginu að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið valdi auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins og með sama hætti taka tillit til þess ef tenging hefur í för með sér hagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Í lok árs 2007 tók félagið í notkun Fljótdalslínu 3 og 4 og tilheyrandi tengivirki. Ekki hefur farið fram uppgjör vegna viðkomandi stórnotanda en félagið þarf að greiða svokallað kerfisframlag þar sem umrædd flutningsvirki munu leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Í árslok liggur ekki fyrir um hve háa fjárhæð er að ræða en áætluð fjárhæð vegna ársins hefur verið færð í ársreikninginn.

## 28. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

### Viðskipti við lykilstjórnendur

(i) Greiðslur til lykilstjórnenda

Auk þess að þiggja laun njóta forstjóri og framkvæmdarstjórar félagsins bifreiðahlunninda og framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 8.

### Önnur viðskipti við tengda aðila

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 7.029.305 | 7.762.212 |
| Aðrir hluthafar | 3.875.086 | 3.856.438 |
| | 10.904.391 | 11.618.650 |
| **Kostnaður:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 1.391.220 | 1.733.741 |
| Aðrir hluthafar | 741.964 | 467.915 |
| Hlutdeildarfélag Landsnets | 649 | 1.285 |
| | 2.133.833 | 2.202.941 |

Auk kostnaðar hér að ofan greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld að fjárhæð 1.980 millj. kr. vegna skuldabréfa.

# Skýringar, frh.:

## 28. Tengdir aðilar, frh.:

**Staða**

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 31.12.2010 | | 31.12.2009 | |
|---|---|---|---|---|
| | **Kröfur** | **Skuldir** | **Kröfur** | **Skuldir** |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 498.720 | 0 | 587.604 | 0 |
| Aðrir hluthafar | 477.237 | ( 204.507) | 452.189 | ( 129.981) |
| Hlutdeildarfélag Landsnets | 0 | 0 | 0 | ( 124) |
| | 975.957 | ( 204.507) | 1.039.793 | ( 130.105) |

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýring 20 | 42.136.903 | 47.180.690 |
| Áfallnir vextir við móðurfélag | 1.297.882 | 1.241.102 |
| | 43.434.785 | 48.421.792 |

## 29. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| **Rekstur:** | | |
| EBITDA | 8.678.386 | 9.331.062 |

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| **Efnahagur:** | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 2,60 | 3,61 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 16,5% | 11,3% |
| Arðsemi eigin fjár | 42,8% | 20,2% |

| | |
|---|---|
| Ábyrgðarmaður | Þórður Guðmundsson |
| Ritstjórn | Eiríkur Briem |
| Umsjón | Jórunn Gunnarsdóttir |
| Ljósmyndir | Emil Þór |
| Málfarsráðgjöf | Guðni Kolbeinsson |
| Prófarkalestur | Guðni Kolbeinsson |
| Útlit kápu | Zetor |
| Ljósmynd á kápu | Zetor |
| Uppsetning og prentun | GuðjónÓ – vistvæn prentsmiðja |

UNIVERSITY OF ICELAND PRESS
141 381
Prentgripur

LANDSNET

LANDSNET GYLFAFLÖT 9 112 REYKJAVÍK SÍMI 563 9300 FAX 563 9309 LANDSNET@LANDSNET.IS WWW.LANDSNET.IS